


# Ársskýrsla 2020

Héraðssamband Vestfirðinga

# Efnisyfirlit

Ávarp formanns ... 4
Stjórnarfundir HSV ... 8
Formannafundir ... 9
Íþróttaskóli HSV ... 9
Afreksmannasjóður HSV ... 11
Styrktarsjóður þjálfara HSV ... 13
Íbúðir til aðildarfélaga ... 13
Verkefnasamningur ... 13
Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar ... 14
Aðalfundir félaganna ... 15
Samstarfsverkefni ... 15
Mótahald UMFÍ sumarið 2020 ... 16
Ýmsar upplýsingar ... 18
  Lög HSV ... 18
  Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga ... 22
  Úthlutunarreglur íbúða HSV ... 25
  Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2020 ... 26
  Heiðursviðurkenningar HSV ... 27
  Félaga og iðkendatal HSV 2019 ... 30
  Félaga- og iðkendatal HSV 2020 ... 30
  Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV ... 31
  Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi ... 31
  Ferðasjóður ÍSÍ ... 32
Skýrslur aðildarfélaga HSV ... 33
Golfklúbbur Ísafjarðar ... 33
Stefnir ... 39
Kubbi – Íþróttafélag eldri borgara á Ísafirði ... 43
Vestri Íþróttafélag ... 49
  Aðalstjórn Vestra ... 49
  Körfuknattleiksdeild Vestra ... 54
  Blakdeild Vestra ... 63

Knattspyrnudeild Vestra ........................................................................................ 66
Ársskýrsla Hestamannafélagsins Hendingar 2019 .................................................. 75
Skíðafélag Ísfirðinga. ................................................................................................ 77
Íþróttafélagið Ívar ..................................................................................................... 79
Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar................................................................................ 80

# Ávarp formanns

Þingforseti, kæru félagar, fulltrúi UMFÍ, fulltrúi ÍSÍ og aðrir gestir. Ég býð ykkur velkomnin á 21. ársþing HSV og flyt ykkur hér ávarp stjórnar.

Það er gleðiefni að okkur hafi tekist að halda þing í raunheimum og fá loks að hittast og sjá framan í hvort annað. Það er óhætt að segja að síðastliðið ár hafi verið bæði skrautlegt, þungt og ekki síður lærdómsríkt fyrir íþróttahreyfinguna. Álag á stjórnir og starfsmenn við að halda starfinu gangandi hefur verið mikið og því fullt tilefni til að þakka og hrósa fólki fyrir sín stöf í þessu erfiða árferði.

Það er ekki hægt að fara yfir starfssemi síðastliðins árs án þess að nefna Covid – 19 en okkur langar að trúa því að það versta sé yfirstaðið og framundan séu bjartari og betri tímar fyrir okkur öll. Það verður áskorun að komast yfir það fjárhagslega tap sem hreyfingin hefur orðið fyrir en við getum samt sem áður þakkað fyrir það hversu vel stjórnvöld hafa brugðist við með fjárhagslegum stuðningi við íþróttahreyfinguna með úthlutunum í gegnum UMFÍ og ÍSÍ auk þess að veita greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna. Það fylgdi ástandinu líka miklar áhyggjur af því að brottfall iðkenda yrði töluvert en starfsskýrslur félaga inna HSV sýna að ekki sé hægt að greina meira brottfall en í venjulegu árferði sem er gleðiefni.

Starfsemi íþróttaskólans hefur gengið vel í vetur og voru lagðar miklar áherslur á það í upphafi vetrar að bæta upplýsingaflæði til foreldra, taka á agamálum, koma meiri festu og skipulagi á stundaskrá og bæta við fleiri greinum inn í skólann. Þá var lögð mikil vinna í það að finna þjálfara í þjálfun á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri og en því miður hefur það gengið illa síðastliðin ár. En í vetur vorum við með skipulagða starfsemi á öllum stöðum auk þess að sjá um þjálfun í íþróttaskólanum í Bolungarvík. Þá var sett fram stefna í þjálfara málum sem farið var yfir með þjálfurum skólans en farið verður nánar yfir starfsemi skólans hér á eftir.

Stjórn HSV er sammála um mikilvægi íþróttaskólans og gildi þess að börn fái sem fjölbreyttustu þjálfun og kynnist sem flestum íþróttagreinum en markmið með skólanum er meðal annars að fá sem flest börn til að iðka íþróttir, að fyrstu kynni þeirra af íþróttaiðkun sé jákvæð og að þau fái að kynnast sem flestum íþróttagreinum. Þá er það ekki síður markmið að auka gæði þjálfunar og að lækka kostnað heimila við íþróttaiðkun barna sem gefur sem flestum börnum kleift að stunda íþróttir að einhverju tagi. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að regluleg hreyfing barna eykur hreyfifærni þeirra og líkamshreysti. Hún eykur jafnframt líkurnar á að þau geri hreyfingu að lífsstíl sínum og haldi því áfram að hreyfa sig fram á fullorðinsár. Ennfremur hefur sannast að jákvæð fylgni er á milli fjölbreyttrar íþróttaiðkunar barna og hreyfifærni þeirra.

Það sem íþróttakólinn gerir líka er að hann eykur líkurnar á því að börn haldist lengur í skipulögðu íþróttastarfi. Með því að bjóða upp á þennan skóla kynnast börn öllum íþróttum og algengt er að börn haldi áfram að æfa amk tvær íþróttir þegar þau koma

upp úr íþrottaskólanum og það hlýtur að vera markmið okkar allra að fá sem flest börn til að æfa einhverja íþrótt. Ég sé það sjálf á mínum börnum hversu miklu máli það skiptir að þekkja undirstöður fleiri en einnar íþróttagreinar því þegar til að mynda viljinn til að æfa fótbolta dvínar þá er ekkert mál að byrja æfa körfubolta af fullum krafti þó þú sért orðin 14 ára, því undirstaðan og skilningurinn á íþróttinni er til staðar. Það má þó ekki gleyma þvi að það halda ekki öll börn áfram eftir að íþróttaskóla lýkur og iðkendum innan greina fækkar. Þar getur spilað inn í að strax eftir íþróttaskóla velja krakkar sé eina grein til að æfa og því fækkar eðlilega hjá öðrum deildum. Þá getur kostnaðurinn og vinnan við það að vera með barn í skipulögðu íþróttastarfi eftir að íþróttaskóla lýkur haft áhrif en við vitum það að kostnaðurinn getur verið mörgum þungur auk þess sem að það treysta sér ekki allir í það starf sem fylgir því að eiga börn í íþróttum. Þetta eru allt vangaveltur sem vert er að skoða greina, hversu mikið brottfall sé eftir að íþrottaskóla lýkur og af hverju.

Fyrir þinginu liggur fyrir tillaga stjórnar að skipa starfshóp um framtíðarskipulag skólans. Sú tillaga er tilkomin vegna þess að Körfuknattleiksdeild Vestra sagði sig úr starfinu vegna óánægju með skólann og fyrirkomulag hans. Haldnir voru nokkrir fundir í vetur með formönnum félaga innan HSV þar sem málefni skólans voru rædd og yfirþjálfari kynnti nýtt fyrirkomulag og áherslur skólans. Almennt er mikil ánægja með þær breytingar meðal annarra formanna, en stjórn HSV ákvað að setja það í hendur í þingsins, hvort vilji sé til að skipa starfshóp þar sem starfið verði endurskoðað.

Í upphafi árs 2021 var skrifað undir nýjan samstarfssamning við Ísafjarðarbæ til þriggja ára. Samningurinn er mikilvægur fyrir HSV og ekki síður Ísafjarðarbæ en með samningum sér HSV um öll samskipti við íþróttahreyfinguna fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Síðastilið ár var satt að segja fremur þungt hvað varðar allt samstarf og samskipti en þar er margt sem spilar inn í en við höfum miklar væntingar og góða trú um að samstarfið við bæinn muni ganga vel. Nú þegar eru komnir á skipulagðir samskiptafundir milli HSV og sviðsstjóra skóla og tómstundaviðs en markviss samskipti og gott upplýsingaflæði er lykillinn að farsælu samstarfi.

Í samningnum er kveðið á um uppbyggingasamninga eins og verið hefur síðastliðin ár en í vetur kom í ljós að þegar á reyndi, að í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir 2021 voru teknir út uppbyggingasamningar við íþróttafélögin án alls samráðs við íþróttahreyfinguna. Stjórn HSV sendi inn erindi til íþrótta og tómstundanefndar þar sem þessi vinnubrögð voru gagnrýnd og lögð áhersla á mikilvægi þess að halda áfram með uppbyggingasamninga. Þeir eru félögunum mikilvægir en ekki síður mikilvægir fyrir sveitafélagið. Eina lögbunda verkefni sveitarfélaga er snýr að íþróttastarfi er uppbygging íþróttamannvirkja, allt annað er frjálst val hvers sveitarfélags. Við hljótum hins vegar öll að hafa þann vilja og metnað að geta boðið upp á samkeppnishæfa aðstöðu fyrir börnin okkar en rannsóknir sýna að með auknu framlagi sveitarfélga í íþróttastarf þá eykst iðkendafjöldinn. Og þvi fleiri iðkendur, því hamingjusamari börn,

og þvi hamingjusamari börn, því hamingjusamara samfélag, sem hlýtur auðvitað að vera markmið okkar allra.

Í samningnum leggur Ísafjarðarbær til HSV íbúðastyrk í formi afnota af fimm íbúðum og ber HSV að vinna að forgangsröðun milli íþróttafélaga varðandi úthlutun þessara íbúða og gera samning við félögin. HSV ber ábyrgð á skemmdum sem kunna að verða og ber ábyrgð á að greiða kostnað vegna rafmagns og hita. Íbúðamálin hafa þróast þannig að hér áður fyrr voru allar íbúðir sem HSV hefur samning um fríar, en nú er svo komið að einungis 5 eru fríar og 5 eru greiddar fullu verði. HSV hefur séð um innheimtu leigu á þessum íbúðum og er í fjárhagslegri ábyrgð við bæinn á þessum 5 íbúðum sem greiddar eru fullu verði. Ferlið hefur verið þanning að HSV greiðir húsaleigu til FASTÍS og innheimtir svo húsaleigu frá félögum í gegnum lottótekjur og verkefnastyrki. En með hækkandi húsaleigu duga lottótekjur og verkefnasamningar ekki til og teljum við þörf á breytingum. Þetta innheimtukerfi hefur verið frá upphafi og telur stjórn það ekki lengur ganga upp að HSV sé í fjárhagslegri ábyrgð fyrir félögin og liggur fyrir tillaga hér á þinginu að breyta innheimtuferlinu og setja þessar 5 íbúðir sem greiddar eru fullu verði í innheimtu hjá FASTÍS og þau íþróttafélög sem nota þessar íbúðir geri samning við FASTÍS um leigu en ekki HSV.

Í haust býður svo það verkefni að endurnýja verkefnasamninga við íþróttafélögin og er það verkefni í höndum framkvæmdastjóra HSV og íþrótta og tómstundanefndar í samstarfi við formenn íþróttafélaga.

Lítið var um samráðsfundi innan hreyfingarinnar en reglulega hefur formaður og framkvæmdastjóri setið fundi meðal annara aðildafélaga hjá UMFÍ og ÍSÍ. Það má því vænta þess að þegar covid ástandinu lýkur þá fari allt starf á fullt en þetta starf er HSV mjög mikilvægt. Það er mikilvægt fyrir svona lítið hérað að vera partur að stórri heild þar sem fólk deilir sinni þekkingu og reynslu.

Hjá HSV voru haldnir sjö stjórnarfundir á árinu auk þess sem þrír formannafundir voru haldnir. Þá var haldin einn fundur með formönnum og þjálfurum þar sem fyrirkomulag íþróttaskólans var rætt.

Það verður ekki hjá því komist að ræða aðeins mikilvægi sjálfboðaliðans. Þegar einstaklingur ákveður að gerast sjálfboðaliði verður hann að eyða hluta af tíma sínum í sjálfboðastarfið. Hann er þá annað hvort að fórna tíma sem hefði farið í vinnu eða í frístundir. Þetta starf verður sífellt erfiðara að manna en bæði HSV og flest félög innan þess hafa fundið fyrir því hversu erfitt er orðið að virkja fólk í sjálfboðaliðastarf og er það oftar en ekki að verkefnin leggjast á of fáar hendur með tilheyrandi álagi í stað þess að dreifa kröftum okkar sanngjarnt.
Einstaklingur sem á barn sem stundar íþróttagrein innan félags þarf að vera tilbúinn að taka þátt í sjálfboðastarfi á einhverjum tímapunkti ef til þess er leitast, það er ósanngjörn krafa að öll þau verkefni sem falla til leggist alltaf á sömu aðilana og við vitum það að íþróttastarf þrífst ekki nema með mikilli aðkomu sjálfboðaliða. Ég vil samt ekki bara vera neikvæð, við búum yfir gríðarlegum mannauð sem felst í öllum þeim

sjálfboðaliðum sem þú þegar eru mjög virkir en endurnýjun verður að eiga sér stað í þessu eins og öllu öðru.

Það að vera sjálfboðaliði getur falið í sér margvísleg störf. Sjálfboðaliði innan íþróttahreyfingarinnar getur unnið við mótshald, leiki, setu í stjórn eða nefnd, í sjoppusölu, gæslu, halda utan um fjáraflanir, og verið farastjóri svo eitthvað sé nefnt en með þessu framlagi og stuðningi geta foreldrar einnig myndað sterkari tengsl við börnin sín þar sem meiri tími gefst fyrir fjölskylduna að vera saman.

Fyrir þinginu liggur fyrir lagabreyting sem felur í sé að fulltrúum í stjórn HSV verði fækkað. Er þessi tillaga sett fram af illri nauðsyn en illa hefur gengið að manna stjórn fyrir komandi vetur. Vonandi eiga eftir að koma e-r framboð hér í dag og því hægt að draga tillöguna til baka.

Fyrir þetta þing hafa tveir stjórnarmenn ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í aðalstjórn en Hildur Elísabet Pétursdóttir er að ljúka sínu sjötta ári í stjórn og Heimir Hansson sínu fjórða. Vil ég þakka þeim fyrir framlag sitt til HSV og aðildarfélaga þess. Formaður er kosinn til eins árs og hef ég ákveðið að gefa kost á mér til formennsku í eitt ár í viðbót og vinna að því að efla starfið og koma því upp úr þeirri lægð sem fylgt hefur síðstliðnu ári.

Að lokum vill stjórn þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við að gera þetta samfélag sem við lifum í að betri stað til að búa á, með þvi að stuðla að öflugu og kraftmiklu íþróttalífi og bindum við miklar vonir til þess að framundan séum bara bjartir tímar.

Fyrir hönd stjórnar HSV

Ásgerður Þorleifsdóttir

# Stjórnarfundir HSV

Á 20. héraðsþingi HSV sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 18. Júní 2020 fór fram stjórnarkjör. Úr stjórn gekk Karl Ásgeirsson gjaldkeri. Í hans stað kom Margrét Arnardóttir sem setið hefur í varastjórn HSV.  Ásgerður Þorleifsdóttir var ein í framboði og var kjörin formaður sambandsins. Í varastjórn komu inn Dagný Finnbjörnsdóttir, Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg og Helga Björt Möller

**Stjórn HSV starfsárið 2020-21**

Ásgerður Þorleifsdóttir, formaður
Hildur Elísabet Pétursdóttir varaformaður
Margrét Arnardóttir, gjaldkeri
Heimir Hansson, ritari
Baldur Ingi Jónasson, meðstjórnandi

**Varastjórn skipa:**

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg

Dagný Finnbjörnsdóttir

Helga Björt Möller

Stjórnarfundir voru 6 á árinu og er hægt að sjá hér fyrir neðan upplýsingar um dagsetningar og mætingar á fundina. Varastjórn er ávalt boðuð á alla fundi.  6 fundir voru haldnir á skrifstofu HSV og ein í fjarfundi.

| | 8/9 | 20/10 | 2/12 | 27/1 | 16/3 | 4/5 | 18/5 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ásgerður | X | X | X | X | X | X | X |
| Margrét | | X | X | X | X | X | X |
| Heimir | | X | X | X | X | X | X |
| Hildur Elísabet | X | | X | X | | X | X |
| Baldur | X | X | X | | | X | X |
| Tinna | X | | | X | X | X | |
| Dagný | | | X | | | | X |
| Helga | | | | | | | |

## Formannafundir

Á starfsárinu voru haldnir þrír formannafundir. Formannafundir eru æðsta vald HSV milli ársþinga og þar eru teknar allar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir hjá HSV á milli þinga.

## Íþróttaskóli HSV

Íþróttaskóli HSV hóf sitt ellefta starfsár í lok ágúst 2020. Íþróttaskólinn er samvinnuverkefni HSV, aðildarfélaga HSV og Ísafjarðarbæjar. Íþróttaskólinn er ætlaður börnum í 1.-4. bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar og geta öll börn á þessum aldri skráð sig í skólann og tekið þátt. Íþróttaskóli HSV leggur áherslu á grunnþjálfun barna ásamt því að þau fái þjálfun í flestum þeim íþróttagreinum sem í boði eru á eldri stigum aðildarfélaga HSV. Skólanum er skipt upp í þrjá hluta þ.e. grunnþjálfun, boltaskóla og sund. Þegar skíðasvæðið opnar bætast við svig- og gönguskíðaæfingar auk snjóbrettaæfinga.

Á nýju starfsári tók Heiðar Birnir Torleifsson við sem yfirþjálfari skólans. Heiðar hefur mikla reynslu frá knattspyrnuþjálfun og var einnig þjálfari í skólanum á síðasta ári. Hann tók við af Bjarneyju Gunnarsdóttur sem að lét af störfum í lok júní. HSV þakkar Bjarneyju fyrir hennar störf og óskar henni velfarnaðar.

Heiðar tók strax til við að koma með sýnar hugmyndir og nálganir inn í starfið við mjög góðan árangur. Stefnt er að því að leggja fram betrumbætta æfingar og starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár.

Grunnþjálfun: Í grunnþjálfun er áhersla lögð á hreyfingu og hreyfiþroska barna. Fjölbreyttar æfingar eru í boði, farið í leiki, þrautir, fimleika, hopp, hlaup, köst, aðrar greinar kynntar og margt fleira. Í mánuð að hausti og vori eru útiæfingar en að mestum hluta fara æfingar fram inni í íþróttasal. Grunnþjálfun er í boði tvisvar í viku.

Boltaskóli: Hjá iðkendum í 1. og 2. bekk er lögð áhersla á almenna boltafærni s.s. að grípa og kasta. Einnig er lögð áhersla á hina ýmsu boltaleiki sem og kynningu á boltagreinum eins og blaki, handbolta, fótbolta, körfubolta og bandý. Í boltaskólanum hjá 3. og 4. bekk er boltagreinum skipt jafnt upp yfir veturinn. Boltagreinarnar í skólanum eru knattspyrna, blak, körfuknattleikur og handknattleikur. Boltaskóli er í boði tvisvar í viku.

Sund: Í Íþróttaskólanum er almenn sundþjálfun í boði og eru æfingar einu sinni í viku fyrir hvern aldurshóp.

Skíði: Skíðaæfingar eru í boði það tímabil yfir veturinn sem skíðasvæðið er opið og eru æfingar í alpagreinum, göngu og á snjóbrettum. Æfingar eru í boði tvisvar til þrisvar sinnum í viku á meðan aðstæður leyfa.

Yfirþjálfari Íþróttaskólans er Heiðar Birnir Torleifsson. Yfirþjálfari sér um grunnþjálfunarhluta skólans, boltaskóla fyrir 1.-2. bekk auk almenns skipulags skólans. Samvinna við aðildarfélög HSV gefur okkur tækifæri til að bjóða börnunum upp á afbragðsgóða þjálfun í boltagreinum, sundi og skíðum. Þjálfarar úr hverri íþróttagrein koma inn með sérþekkingu sína og kafa dýpra í hverja grein. Hér á svæðinu búum við yfir reynslumiklum og hæfileikaríkum þjálfurum sem tilbúnir eru að leyfa Íþróttaskóla HSV að njóta krafta sinna.

Markmið Íþróttaskóla HSV er:

- Að fá sem allra flest börn til að iðka íþróttir.
- Að fyrstu kynni barna af íþróttaiðkun sé jákvæð.
- Að börn fái að kynnast sem flestum íþróttagreinum.
- Að auka gæði þjálfunar.
- Lækka kostnað heimila við íþróttaiðkun barna.
- Auka grunnþjálfunarhluta æfinga, almenna hreyfingu, hreyfiþroska og hreyfigetu.

Íþróttaskólinn hefur gengið vel í vetur. Um 110 iðkendur voru skráðir í íþróttaskólann hvora önn. Langstærsti hluti iðkenda prófar allar greinar og stór hluti iðkar þær allar yfir veturinn. Góð samskipti hafa verið milli yfirþjálfara HSV og þjálfara aðildarfélaga í vetur og ber að þakka fyrir það.

Samskipti Íþróttaskóla HSV og dægradvalar hafa verið mjög góð og skiptir það miklu máli fyrir íþróttaskólann hversu vel skipulagt starf dægrardvalar er. Starfsmenn dægrardvalar eru vel meðvitaðir hverjir stunda hvað í Íþróttaskólanum og senda krakkana af stað þegar þeirra æfing er að byrja. Íþróttaskólinn og dægradvöl eru bæði staðsett í sundhöll Ísafjarðar og hjálpar það mikið til sem og góð samskipti þarna á milli. Það ber þó að nefna að Íþróttaskólinn er ekki hluti af dægradvöl og því geta börn sem ekki eru skráð í dægradvöl vel tekið þátt á æfingum Íþróttaskólans.

Starfið hefur breyt sig út að fullu á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri með mjög góðum árangri og hefur starfið á þeim stöðum alrei verið jafn veglegt.

Íþróttaskóli HSV hóf göngu sína haustið 2011. Ýmsar breytingar hafa orðið á starfi skólans frá upphafi þó svo að grunnhugmyndin haldi velli. Þessar breytingar sem gerðar hafa verið snúast fyrst og fremst um aukinn fjölda iðkenda við skólann, auk þess að undanfarin fimm ár höfum við boðið uppá æfingar í frístundahléi sem gert er á miðjum skóladegi barna.

Góð samvinna allra sem koma að þessu verkefni með HSV er mikilvæg svo hlutirnir gangi eins vel og þeir gera. Að lokum má nefna það að horft er til Ísafjarðarbæjar frá

öðrum stöðum varðandi vel skipulagða íþróttaþjálfun fyrir börn í fyrstu bekkjum grunnskóla og fáum við reglulega fyrirspurnir um þetta samvinnuverkefni okkar allra.

## Afreksmannasjóður HSV

Afreksmannasjóður HSV hefur gengið í gegn um nokkrar breytingar á síðustu þremur árum. Árið 2018 var í fyrsta sinn greiddir út mánaðarlegir styrkir til ungra afreksmanna. Voru það 4 ungir iðkendur frá tveimur félögum sem hlutu þessa styrki. Á árinu 2020 voru 7 ungir iðkendur sem að hlutu mánaðarlega styrki frá HSV. Ásamt því að greiða mánaðarlega styrki, greiddi sjóðurinn staka styrki til átta íþróttamanna í röðum HSV. Heildar greiðslur fyrir staka styrki voru upp á kr. 800.000 sem skiptist á milli átta iðkenda.

Því miður urðu brotföll meðal iðkenda sem að hlutu mánaðarlega styrki frá sjóðnum. Anna María Daníelsdóttir sagði samningi sínum lausum í apríl 2020 og tvíburnarnir Hugi og Hilmir Hallgrímssynir yfirgáfu Vestra í ágúst. HSV óskar þeim öllum góðst gengist í framtíðarverkefnum sýnum og þakkar þeim fyrir frábært samstarf í gegnum árin.

Samningar um mánaðarlegar greiðslur voru gerðir við eftirfarandi íþróttamenn fyrir árið 2020. Heildar upphæð er kr. 2.520.000

| Nafn | Félag | Mánaðaleg upphæð | Árið 2020 |
|---|---|---|---|
| Albert Jónsson | Skíðafélag Ísfirðinga | 50.000 | 600.000 |
| Anna María Daníelsdóttir | Skíðafélag Ísfirðinga | 30.000 | 360.000 |
| Dagur Benediktsson | Skíðafélag Ísfirðinga | 50.000 | 600.000 |
| Jakob Daníelsson | Skíðafélag Ísfirðinga | 25.000 | 300.000 |
| Linda Rós Hannesdóttir | Skíðafélag Ísfirðinga | 15.000 | 180.000 |
| Hugi Hallgrímsson | Vestri Karfa | 20.000 | 240.000 |
| Hilmir Hallgrímsson | Vestri Karfa | 20.000 | 240.000 |

Í samningunum sem gerðir eru við afreksmennina eru gerðar kröfur til þeirra um að:

a) Stunda íþrótt sína af dugnaði og samviskusemi.
b) Vera virkur iðkandi í aðildarfélagi HSV.
c) Vera vímuefnalaus íþróttamaður/íþróttakona.
d) Geta tileinkað sér hugarfar og lífsstíl afreksíþrótta.
e) Vera góð fyrirmynd fyrir aðra íþróttamenn.
f) Koma fram á vegum HSV ef því verður viðkomið.
g) Gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd hans sjálfs og annara iðkenda HSV. Þetta gildir einnig um notkun styrkþega á samfélagsmiðlum s.s. Facebook, Twitter, Instagram o.þ.h. þar með talið að gæta að myndbirtingum.
h) Hlíta reglum ÍSÍ um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur gegn þessum reglum getur stjórn sjóðsins stöðvað greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins.

Ný reglugerð undirstrikar að HSV vill sjá unga og efnilega afreksmenn og konur vaxa og dafna áður en þau halda áfram á stærra svið. Aukið utanumhald og stefnumörkun, aukin áhersla á markmið og markviss.

**Stakir styrkir:**

| Nafn | Upphæð | Félag |
|---|---|---|
| Kolfinna Íris Rúnarsdóttir | 100.000 | Skíðafélag Ísfirðinga. |
| Sigurður Bjarni Kristjánsson | 100.000 | Vestri blak |
| Friðrik Heiðar Vignisson | 100.000 | Vestri Karfa |
| Hafsteinn Már Sigurðsson | 100.000 | Vestri Blak |
| Auður Líf Benediktsdóttir | 100.000 | Vestri Blak |
| Kári Eydal | 100.000 | Vestri Blak |
| Sóldís Björt Blöndal | 100.000 | Vestri Blak |
| Svanfríður Guðný Þorleifsdóttir | 100.000 | Vestri Blak |

## Styrktarsjóður þjálfara HSV

Stjórn styrktarsjóðs þjálfara HSV var kosin á ársþingi HSV. Stjórn sjóðsins skipa Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Jóhann Torfason og Baldur Ingi Jónasson . Samkvæmt samstarfssamningi við Ísafjarðarbæ greiðast 750.000 kr. í sjóðinn ár hvert.

## Íbúðir til aðildarfélaga

HSV hefur til afnota átta íbúðir í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf fyrir aðildarfélög. Fimm íbúðanna fær HSV sem styrk frá Ísafjarðarbæ en af fimm er greidd full leiga. Einnig er greiddur allur kostnaður svo sem hiti, rafmagn og þrif á sameign. Alls er kostnaður aðildarfélaga vegna þessa íbúða kr.7.065.158 en styrkur Ísafjarðarbæjar kr. 8.680.364

## Verkefnasamningur

Verkefnasamningur HSV og Ísafjarðarbæjar hefur gengið vel eftir. Félögin sinna sínum verkefnum almennt af kostgæfni og samviskusemi. Mikil ánægja er með verkefnasamninginn þó svo að erfitt geti verið að hafa fullt samhengi með tímavinnu og peningum. Stjórn HSV reynir að vinna það af eins mikilli sanngirni og stjórnin mögulega getur og telur rétt. Það eru margir þættir og margar breytur sem hafa ber í huga þegar verkefnum er útdeilt og er iðkendafjöldi yngri en 18 ára helsta breytan þó svo að einnig fari það eftir verkefnum, aðstæðum, staðsetning verkanna, hefðum og fleira. Verkefnasamningurinn gerir félögunum kleift að fá frekara fjármagn inn í félagið og ætti það að leiða af sér að félagið geti boðið upp á betri þjónustu til iðkenda sinna.

Er það von HSV að Ísafjarðarbær telji þetta góðan vettvang til að koma verkefnum sínum í framkvæmd og samningurinn muni vaxa á komandi árum. Er það trú okkar að það sé hagur beggja aðila samningsins ekki síst Ísafjarðarbæjar sem fær verkin mjög vel unnin. Farið verður í vinnu við að endurnýja samninga við bæinn í haust en núverandi samningar renna út í lok árs 2021.

# Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2020 var kjörinn við hátíðlega athöfn þann 29. desember síðastliðinn. Albert Jónsson út Skíðafélagi Ísafjarðar var þá útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar.

Albert Jónsson hefur verið einn fremsti íþróttamauður Ísafjarðarbæjar um árabil. Hann hefur sýnt stöðugar framfarir s.l. ár og er nú annar af tveimur bestu skíðamönnum landsins. Á síðasta ári var hann æfingar í Noregi og tók þátt í sterkum mótum þar og í Svíþjóð og náði mjög góðum árangri, sýnum besta á ferlinum. Albert hefur aukið æfingamagn mikið á milli ára og það verður spennandi að fylgjast með honum þegar Covid léttir en hann stefnir á þátttöku á HM sem fram fer í Obersdorf í Þýskalandi í vetur.

.

Níu tilnefningar bárust frá íþróttafélögum og voru eftirfarandi tilnefndir;

Albert Jónsson - Skíðafélagi Ísfirðinga
Anton Helgi Guðjónsson - Golfklúbbi Ísafjarðar
Sigurður Arnar hannesson - Knattspyrnudeild Harðar
Ignacio Gil Echevarria - Knattspyrnudeild Vestra
Ásgeir Óli Kristjánsson - Handboltadeild Harðar
Hafsteinn Már Sigurðsson - Blakdeild Vestra
Friðrik Heiðar Vignisson - Körfuknattleikdsdeild Vestra
Ólöf Einarsdóttir – Hestamannafélagið Hending
Hafsteinn Ægir Geirsson - Hjólreiðadeild Vestra

Efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2019 var útnefnd Gréta Proppé Hjaltadóttir úr körfuknattleiksdeild Vestra. Gréta Hjaltadóttir er ung og efnileg körfuknattleikskona. Hún stundar íþrótt sína af metnaði og sýnir stöðugar framfarir. Gréta var valin í lokahóp U-16 landsliðs Íslands síðastliðið sumar sem átti að taka þátt í Norðurlandamóti og Evrópumóti hefði heimsfaraldur ekki komið í veg fyrir mótahald. Gréta er frábær félagsmaður og góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur

Stefán Freyr Jónsson - Handknattleiksdeild Harðar
Gréta Proppé Hjaltadóttir - Körfuknattleiksdeild Vestra
Ástmar Helgi Kristinsson - Skíðafélagi Ísfirðinga
Hjámar Helgi Jakobsson - Golfklúbbi Ísafjarðar
Sóldís Björt Blöndal - Blakdeild Vestra
Guðmundur Páll Einarsson - Knattspyrnudeild Harðar
Guðmundur A. Svavarsson - Knattspyrnudeild Vestra

# Aðalfundir félaganna

Samkvæmt lögum eiga aðildarfélög HSV að halda aðalfund ár hvert. Mikilvægt er að auglýsa aðalfundi vel og að láta HSV vita um aðalfund. Nauðsynlegt er að HSV geti fylgst með aðalfundi og geti haft eftirlit með að allar venjur og reglur séu í lagi. Einnig er mjög mikilvægt að leggja fram ársreikning undirritaða af stjórn félagsins og skoðunarmönnum.

Aftast í þessari ársskýrslu eru skýrslur stjórnar félaganna. Ekki voru komnar í hús allar skýrslur og því er listinn ekki tæmandi. Stjórn HSV telur mikilvægt að gefa út í einu riti ársskýrslu HSV og aðildarfélaga þess. Með því móti er hægt að sjá í einu riti það mikla og blómlega starf sem íþróttafélögin og HSV stuðla að í Ísafjarðarbæ og Súðavík.

# Samstarfsverkefni

HSV tekur á ári hverju þátt í nokkrum samstarfsverkefnum og er sambandið ávalt opið fyrir því að taka þátt í góðum verkefnum. Hér fyrir neðan eru talin upp helstu samstarfsverkefni á síðasta ári.

**Félagakerfið Felix**

Félagakerfi Felix er sameiginlegt kerfi UMFÍ og ÍSÍ og er megintilgangur kerfisins að skrá og halda utan um upplýsingar félaganna s.s. félagsmenn, iðkendur, stjórnir, nefndir, æfingahópa o.sv.fr. Kerfið heldur utan um allar þessar upplýsingar á miðlægum gagnagrunni þannig að þær er alltaf hægt að nálgast og engin hætta er á því að þær tapist. Kerfið auðveldar allt utanumhald á skráningum félaganna. Í kerfinu er einnig hægt nálgast tölfræðilegar skýrslur úr starfsemi félaganna.

Nýtt Felix kerfi var tekið í notkun árið 2017. Það voru miklir erfiðleikar í notkun nýja kerfisins til að byrja með en kerfið er komið vel í gang og hafa starfsskýrsluskil gengið nokkuð vel þó alltaf megi gera betur.

HSV hvetur aðildarfélög sín að kynna sér felix og nýta sér kerfið. Mjög mikilvægt er að félögin séu virk í skráningu iðkenda og félaga sinna. Skipting þeirra fjármuna sem til HSV kemur og rennur til félaga byggist alfarið á tölum úr Felix skráningarkerfinu og því mjög brýnt að upplýsingar séu réttar og reglulega uppfærðar.

**Lottó**

Heildarlottótekjur til HSV fyrir árið 2020 voru kr. 11.361.291 sem er töluverð hækkun milli ára. Til samanburðar voru tekjur HSV af lottó árið 2019 kr. 8.783.144, 2018 kr. 8.132.689, 2017 kr. 7.889.336, 2016 kr. 7.202.482, árið 2015 kr. 6.449.392. Lottótekjur HSV koma frá UMFÍ og ÍSÍ eftir ákveðnum reglum samtakanna. Í ljósi aðstæðna vegna Covid 19 þá ákváðu UMFÍ og ÍSÍ að auka útborganir í lottótekjum til að koma til móts við íþróttahreyfinguna í landinu.

Lottótekjur HSV renna óskiptar til aðildarfélaga HSV með þeirri undantekningu að samkvæmt reglugerð Afreksmannasjóðs HSV, renna 10% af óskiptum lottótekjum sambandsins í afreksmannasjóðinn.

Úthlutunarreglur HSV á lottótekjum til aðildarfélaga fer eftir iðkenda og félagatali. Miðað er við tölur félaganna úr felix kerfinu. Enginn fær úthlutað rekstrarframlagi án skráningar í felix og skýrsluskilum til ÍSÍ og HSV. Í 5. grein laga HSV kemur fram hvernig haga skuli skiptingu og hverju félög þurfa að skila til að fá úthlutað sínum hluta.

**Íslenskar getraunir**

Tekjur af Íslenskum getraunum voru árið 2020 voru kr. 435.917 sem er hækkun um 65% frá árinu 2019 þars sem tekjurnar voru kr. 264.619 . 2018 voru tekjurnar kr. 260.853 sem er nokkur aukning frá árinu 2017 þegar tekjurnar voru kr. 133.984. Íslenskar getraunir hafa um nokkurt árabil verið vannýtt auðlind hjá HSV og tekjur verið nokkuð misjafnar en alltaf litlar. Aukninguna má rekja til tippleiks sem aðalstjórn Vestra stendur fyrir en hann hefur aukið tekjur bæði félgsins og HSV af Íslenskum getraunum.

# Mótahald UMFÍ sumarið 2020

UMFÍ hafði set þrjú mót á dagskrá fyrir sumarið 2020. Landsmót 50+ átti að vera í Borgarnesi í lok júní, íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi viku seinna og síðan Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að fresta Landsmóti 50+ og íþróttaveislu UMFÍ. Þessum mótum var frestað um eitt ár. Ákveðið var að bíða með ákvörðun um Ungæingalandsmótið

en vonur voru um batnandi ástand um mitt sumar.  Hins vegar skall seinni bylgja Covid 19 á rétt fyrir verslunarmannarhelgi og því ákveðið að fresta því um ár.

## Ýmsar upplýsingar

## Lög HSV

I. kafli: Heiti og sambandssvæði.

II. kafli: Aðild:
a) Réttur til aðildar.
b) Umsókn um aðild.
c) Réttindi og skyldur aðildarfélaganna.

III. kafli: Markmið og hlutverk sambandsins.

IV. kafli: Héraðsþing:
a) Hlutverk.
b) Fulltrúar.
c) Réttur til þingsetu.
d) Dagskrá þingsins.
e) Aukaþing.

V. kafli: Stjórn:
a) Skipun.
b) Hlutverk.
c) Formannafundir.

VI. kafli: Lagabreytingar.

Vll. kafli: Ýmis ákvæði

VIII. kafli: Gildistaka.

**I. kafli. Heiti og sambandssvæði.**

1. grein.

Sambandið heitir Héraðssamband Vestfirðinga. Skammstafað HSV. Sambandssvæðið er Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur. Heimili og varnarþing er Ísafjarðarbær.

**II. kafli. Aðild.**

2. grein.
Réttur til aðildar.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög, sem eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Íþrótta- og ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og starfa í anda þeirra.

3. grein.
Umsókn um aðild.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar HSV. ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn.

4. grein.
Réttindi og skyldur aðildarfélaga.

Félag öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna, er staðfestast skal á héraðsþingi. Félagið hefur þó rétt til þátttöku í íþróttamótum.

5. grein.
Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglingastarfi.

Aðildarfélög skuli skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV.

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarfélaga skv. innsendum ársskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum.
Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaga skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngri en 18 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 18 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarfélaga sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

**III. kafli. Markmið og hlutverk sambandsins.**

6. grein.

Markmið HSV er að sameina íbúa héraðsins um að efla sjálfstæði Íslendinga. Markmiði sínu hyggst sambandið ná á eftirfarandi hátt:
a) Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
b) Að vinna að útrýmingu skaðnautna og hafa samvinnu um bindindismál við bindindisfélög.
c) Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
d) Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
e) Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, átthaga og ættjörð.
f) Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.

g) Að vinna að kynningu æskunnar á sambandssvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
h) Að vinna að jafnrétti allra manna.
i) Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk sambandsins er:

a) Að hafa forystu íþróttamála innan héraðsins, efla samvinnu íþróttaiðkenda og vera fulltrúi þeirra gagnvart ÍSÍ og UMFÍ og öðrum héraðssamböndum.
b) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð ef stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins
c) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
d) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
e)   Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði
Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
f) Að staðfesta lög aðildarfélaga og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
g) Að annast íþróttaleg sérmál, meðan þau eru ekki falin sérstökum ráðum.
i)  Að gangast fyrir stofnun sérráða, sé þess þörf
j)  Að gefa umsögn um íþróttamál,íþróttamannvirki o.s.frv.
k) Að annast milligöngu um tryggingamál fyrir einstök félög eða sérráð, sé þess óskað.
l)  Að efla áhuga almennings fyrir líkamsmennt, með erindum eða annari fræðslu og örfa almenna þátttöku í íþróttaiðkun og í keppni um íþróttamerki.
m)  Að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál héraðsins.

**IV. kafli. Héraðsþing.**

7. grein.
Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir maílok ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum, um sambandssvæðið.
Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing  skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara með rafrænum hætti nema óskað sé eftir því skriflega.

8. grein.

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða um þær, nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins.

9. grein.
Fulltrúar.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja  50, verði 25 umfram má kjósa einn fulltrúa fyrir það brot, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi og aldrei færri en einn. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

10. grein.
Réttur til þingsetu.

Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar þeirra félaga sem skilað hafa inn starfsskýrslum skv. 5. grein.  Auk þess hefur sambandsstjórn atkvæðisrétt.  Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

a). Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ.
b). Fulltrúar sveitafélaganna á sambandssvæðinu.
c). Skoðunarmenn reikninga.
d). Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu.
Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar með atkvæðisrétt skulu hafa kjörbréf.

11. grein.
Dagskrá þingsins.

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili Héraðssambands Vestfirðinga eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu:
a) Kjörnefnd og aðrar nefndir ef þurfa þykir.

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar,
a. Kosning formanns.
b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
e. Kosning til íþróttaþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttaþing er haldið.
f. Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

12. grein.
Aukaþing.

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

**V. kafli. Stjórn.**

13. grein.
Skipun.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Formaður eða varaformaður aðildarfélags er ekki kjörgengur í stjórn sambandsins. Heimilt er stjórinni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

14. grein.
Hlutverk.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórn sambandsins svo og nefndir þess skulu halda gerðabók.
,
15. grein.
Formannafundir.

Eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti skal stjórn HSV halda fund með formönnum félaga og sérráða eða fulltrúum þeirra, þar sem stjórnin skýrir störf sín og rædd verða viðfangsefni héraðssambandsins og aðildarfélaga þess

**VI. kafli. Lagabreytingar.**

16. grein.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram í upphafi þings og þeim síðan vísað til laganefndar. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

17. grein.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða, atkvæðisbærra fulltrúa á héraðsþingi.

**VII. kafli. Ýmis ákvæði.**

18. grein.

Í lögum allra aðila að héraðssambandinu skulu vera ákvæði um félagsslit, svo og um ráðstöfun eigna sambandsaðila.

19. grein.

Héraðsambandinu HSV. verður ekki slitið nema á héraðsþingi og þá aðeins, að 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa þeirra, er rétt eiga til setu á þinginu sbr. 9. grein samþykki. Með slíkri samþykkt er störfum þessa þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars ársþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, er sambandinu formlega slitið.
Skulu eignir sambandsins renna til nýrra heildarsamtaka íþróttafélaganna á sambandssvæðinu, í samráði við stjórnir ÍSÍ og UMFÍ. Gerðabækur sambandsins skulu varðveitast á Héraðsskjalasafni Ísafjarðabæjar.

20. grein.

Þrátt fyrir ákvæði í 19. grein, skal heimilt að stytta sex mánaða boðunarfrest til héraðþings ef um skipulagsbreytingar eða samruna er að ræða. Boðunarfrestur skal ákveðast af þinginu.
**VIII. kafli. Gildistaka.**
.
21. grein.

Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

22. grein.

**Allar breytingar á lögum sambandsins þurfa að hljóta samþykki stjórnar ÍSÍ og UMFÍ áður en þær taka að fullu gildi.**

Þannig samþykkt á Héraðsþingi HSV á 18. degi maímánaðar 2016

Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir ritari

# Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga

Hlutverk siðareglna er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna. Þær þarf að kynna öllum hlutaðeigandi.

Staða siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsiákvæði af ýmsum gerðum. Í tilfelli íþróttafélags er ekki þörf á að hafa refsiákvæði þar sem þau er að finna í keppnisreglum einstakra íþróttagreina.

## Siðareglur

1. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
2. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar. 3. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnmálaskoðanir.
3. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
4. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
5. Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
6. Þiggðu aldrei mútur.
7. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.

8. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

**Hegðunarviðmið**

**Fyrir iðkendur**

1. Gerðu alltaf þitt besta.
2. Þekktu reglur íþróttagreinarinnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því það er gaman, á eigin forsendum en ekki til að þjóna hagsmunum styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
4. Berðu virðingu fyrir öðrum.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart öðrum iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig.
7. Gerðu þér grein fyrir því að þú ert fyrirmynd þeirra sem yngri eru.
8. Hafðu heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðastu að taka áhættu varðandi heilsu þína.

**Fyrir þjálfara**

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu iðkenda.
3. Skapaðu möguleika fyrir iðkendur til að þroska og nýta hæfileika sína og gættu þess að æfingar hæfi aldri og þroska.
4. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómarar taka.
6. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Hrósaðu iðkendum og taktu tillit til aldurs og þroska. Viðhafðu jákvæða gagnrýni.
8. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
9. Sýndu athygli og umbyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
10. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara eða sérfræðinga þegar þess þarf.
11. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða hjá öðrum þjálfurum.
12. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
13. Hafðu ávallt heilsu og heilbrigði iðkenda þinna í huga og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti þessum þáttum.
14. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
15. Talaðu ávallt gegn notkun ólöglegra lyfja.

16. Sæktu reglulega endurmenntun.
17. Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
18. Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.
19. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar
20. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með skriflegu leyfi foreldra
21. Forðastu náið samband við iðkanda, fyrir utan æfingar- og keppnistíma.
22. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.

**Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn**

1. Stattu vörð um grunngildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
3. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
4. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku innan félagsins.
5. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur.
7. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
8. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
9. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
10. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsaðferðum.
11. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað félagsins.
12. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.

**Fyrir foreldra og forráðamenn**

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt sín vegna, ekki þín vegna.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum en ekki þvinga það.
3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.
4. Styddu og hvettu öll börn og ungmenni, ekki bara þín eigin, bæði við æfingar og keppni.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.

6. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
7. Berðu virðingu fyrir ákvöðrðunum dómara og annarra starfsmanna.
8. Berðu virðingu fyrir réttindum barna.
9. Upplýstu um stríðni og/eða áreiti.
10. Lærðu að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.

# Úthlutunarreglur íbúða HSV

**Almennar reglur:**
Samningar við aðildarfélögin eru gerðir í maí og september ár hvert og skulu óskir um íbúðir vera sendar inn fyrir 1. janúar og 1. ágúst. Í umsókninni skal koma fram hversu margar íbúðir félagið óskar eftir, fyrir hvern íbúðin er ætluð þ.e. þjálfara/leikmenn eða hvortveggja og til hvers langs tíma félagið óskar eftir íbúðinni. Samningur er aðeins gerður til eins árs, nema í undantekningartilfellum. Hvert félag getur ekki verið með nema eina íbúð í leigu í einu í hámarksleigutíma. Ef svo ber undir gætu félög þurft að samnýta íbúð. Leiguíbúðir HSV eru ekki lausn á framtíðarhúsnæði íþróttafélaga og ber að líta á þær sem skammtímalausn fyrir þjálfara og leikmenn. Félag með íbúð í leigu ber fulla ábyrgð á skemmdum í íbúðinni. Horft verður til menntunar þjálfara s.s. íþróttafræðingur, íþróttakennari og/eða með þjálfaramenntun.

**Forgangsreglur**

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna- og unglingastigi.
    a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglingastigi.
        i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
        ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.
        iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
        iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
2. Annar forgansflokkur: Aðrir þjálfarar.
    a. Forgangur á aðra þjálfara.
        i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
        ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
        iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.
    a. Forgangur vegna leikmanna.
        i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.

ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Taka skal allar umsóknir fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum.

## Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2020

| Aðildarfélög HSV | Formaður |
|---|---|
| **Golfklúbbur Ísafjarðar** | Jakob Tryggvason |
| **Golfklúbburinn Gláma** | |
| **Hestamannafélagið Hending** | Marinó Hákonarson |
| **Hestamannafélagið Stormur** | Viktor Pálsson |
| **Íþróttafélagið Höfrungur** | Sigmundur Þórðarson |
| **Íþróttafélagið Ívar** | Harpa Björnsdóttir |
| **Íþróttafélagið Stefnir** | Svava Rán Valgeirsdóttir |
| **Knattspyrnufélagið Hörður** | Salmar Már Salmarsson |
| **Skíðafélag Ísfirðinga** | Díana Jóhannsdóttir |
| **Skotíþróttafélag Ísafjarðar** | Valur Richter |
| **Tennis- badmintonfélag Ísafjarðar** | Guðmundur E. Kjartansson |
| **Ungmennafélagið Geisli** | Birta Lind Garðarsdóttir |
| **Íþróttafélagið Grettir** | Steinunn Guðný Einarsdóttir |
| **Íþróttafélagið Kubbi** | G. Sigríður Þórðardóttir |
| **Sæfari** | Veiga Grétarsdóttir |
| **Vestri íþróttafélag** | Guðfinna Hreiðarsdóttir |

# Heiðursviðurkenningar HSV

| Silfurmerki | | Gullmerki | |
|---|---|---|---|
| | | **2002** | |
| Guðjón M. Þorsteinsson | KFÍ | Jón Kristmannsson | KFÍ |
| Óli Reynir Ingimarsson | KFÍ | Óli M. Lúðvíksson | BÍ |
| Sigmundur F. Þórðarson | Höfrungur | Guðmundur Ágústsson | SFÍ |
| Bergmann Ólafsson | SFÍ | Gunnlaugur Jónasson | SFÍ |
| | | Hafsteinn Sigurðsson | SFÍ |
| | | **2003** | |
| | | **2004** | |
| Óskar Kárason | SFÍ | Gylfi Guðmundsson | SFÍ |
| Þröstur Jóhannsson | SFÍ | Kristján Rafn Guðmundsson | SFÍ |
| | | Páll Sturlaugsson | SFÍ |
| | | Halldór Margeirsson | SFÍ |
| | | **2005** | |
| | | Björn Helgason | |
| | | **2006** | |
| Kristján Jóakimsson | Vestri | Guðbjörn Björnsson | Stefnir |
| Sigrún Sigvaldadóttir | Vestri | Eiríkur Jónsson | Stefnir |
| Kristján Pálsson | BÍ | Guðrún Guðjónssdóttir | Stefnir |
| Þorsteinn Þráinsson | KFÍ | Helga Ásgreímsdóttir | Stefnir |
| Harpa Björnsdóttir | Ívar | Sigrún Sturludóttir | Stefnir |
| Hermann Níelsson | Hörður | Aðalheiður Frðbertsdóttir | Stefnir |
| Tryggvi Guðmundsson | GÍ | Ingibjörg Jónasdóttir | Stefnir |
| Steingrímur Guðmundsson | Stefnir | Eva Sturludóttir | Stefnir |
| Anna Bjarnadóttir | Stefnir | Lilja Magnúsdóttir | Stefnir |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Arnar Guðmundsson | Stefnir | | | |
| Deborah Anne Ólafsson | Stefnir | | | |
| | | 2007 | | |
| Baldur Ingi Jónasson | KFÍ | | | |
| Halldór Sveinbjörnsson | Sæfari | | | |
| Finnur Magnússon | HSV | | | |
| Jens Magnússon | Skotís | | | |
| Ari Hólmsteinsson | Skotís | | | |
| | | 2008 | | |
| Guðmundur Ásgeirsson | BÍ88 | | Kristján Pálsson | BÍ88 |
| Svavar Þór Guðmundsson | BÍ88 | | | |
| Pétur Jónsson | BÍ88 | | | |
| | | 2009 | | |
| | | | Guðríður Sigurðardóttir | HSV |
| | | | Rannveig Pálsdóttir | HSV |
| | | | Hermann Níelsson | Hörður |
| | | 2010 | | |
| Marinó Hákonarson | Hending | | Harpa Björnsdóttir | Ívar |
| Margrét Eyjólfsdóttir | Vestri | | | |
| Guðni Guðnason | KFÍ/HSV | | | |
| | | 2011 | | |
| Ásdís Birna Pálsdóttir | Skellur | | | |
| | | 2012 | | |
| Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir | SFÍ | | | |
| Hjalti Karlsson | SFÍ | | | |
| Kristbjörn R. Sigurjónsson | SFÍ | | | |
| | | 2013 | | |
| Friðgerður Ómarsdóttir | | | Guðjón Þorsteinsson | KFÍ |
| Gísli Jón Kristjánsson | | | | |
| Sigríður Jónsdóttir | Hending | | | |
| Þorsteinn Magnfreðsson | Hending | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | 2014 | |
| Óðinn Gestsson | KFÍ | Jóhann Króknes Torfason | BÍ88 |
| Ingólfur Þorleifsson | KFÍ | | |
| | | 2015 | |
| Jónas Gunnlaugsson | SFÍ | | |
| Þórunn Pálsdóttir | SFÍ | | |
| Sigurður Erlingsson | SFÍ | | |
| Gunnar Sigurðsson | SFÍ | | |
| Hildur Elísabet Pétursdóttir | BÍ88 | | |
| Stella Hjaltadóttir | BÍ88 | | |
| Hannes Hrafn Haraldsson | BÍ88 | | |
| Harpa Grímsdóttir | Skellur | | |
| Sólveig Pálsdóttir | Skellur | | |
| Þorgerður Karlsdóttir | Skellur | | |
| | | 2016 | |
| Sophus Magnússon | | Jens Kristmannsson | Kubbi/ÍBÍ |
| Guðmundur Valdimarsson | Skotíþr. | Tryggvi Sigtryggsson | GÍ - ÍBÍ |
| Valur Richter | Skotíþr. | | |
| | | 2017 | |
| Stefanía Ásmundsdóttir | HSV | Tofi Einarsson | Herði/Sæfara |
| Hanna Mjöll Ólafsdóttir | Vestra | | |
| Grétar Eiríksson | Herði | | |
| Svava Rán Valgeirsdóttir | Stefni | | |
| | | 2018 | |
| Birna Lárusdóttir | Vestra | Óskar Kárason | SFÍ |
| Guðfinna Heiðarsdóttir | Vestra | Sigmundur Fr. Þórðarson | Höfrungi |
| Heiðrún Tryggvadóttir | Vestra | | |
| Kristján Kristjánsson | Vestra | | |
| Jakob Ólafur Tryggvason | SFÍ | | |
| Jóhanna Oddsdóttir | SFÍ | | |
| Guðrún Snæbjörg Sigþórsd. | Höfrungi | | |
| Gunnar Bjarni Guðmundsson | HSV | | |
| | | 2019 | |
| Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir | GÍ | Finnur Magnússon | GÍ |
| Reynir Pétursson | GÍ | Marínó Hákonarson | Hending |
| Jón Hálfdán Pétursson | Vestri | | |
| Heimir Hansson | SFÍ | | |

## Félaga og iðkendatal HSV 2019

| | Félagar | | | Iðkendur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félag | Yngri en 18 ára | 18 ára og eldri | Samtals | Yngri en 18 ára | 18 ára og eldri | Samtals |
| Golfklúbbur Ísafjarðar | 12 | 139 | 151 | 13 | 138 | 151 |
| Golfkl. Gláma | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hestam.f. Hending | 8 | 44 | 52 | 10 | 42 | 52 |
| Hestam.f. Stormur | 37 | 98 | 135 | 16 | 86 | 102 |
| Hörður | 363 | 307 | 670 | 325 | 100 | 425 |
| Grettir | 33 | 98 | 131 | 27 | 8 | 35 |
| Höfrungur | 13 | 249 | 262 | 12 | 98 | 110 |
| Ívar | 4 | 40 | 44 | 4 | 14 | 18 |
| Stefnir | 55 | 119 | 174 | 80 | 12 | 92 |
| Vestri | 453 | 1002 | 1455 | 692 | 138 | 830 |
| Siglingaf. Sæfari | 67 | 274 | 341 | 6 | 44 | 50 |
| Skíðafélagið | 135 | 350 | 485 | 124 | 5 | 129 |
| Skotíþróttaf. Ísafjb | 18 | 203 | 221 | 35 | 395 | 430 |
| TBÍ | 0 | 0 | 0 | 0 | 17 | 17 |
| Geisli | 40 | 185 | 225 | 27 | 26 | 53 |
| Kubbi | 0 | 62 | 62 | 0 | 62 | 62 |
| Víkingur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **1238** | **3170** | **4408** | **1371** | **1185** | **2556** |

## Félaga- og iðkendatal HSV 2020

| | Félagar | | | Iðkendur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félag | Yngri en 18 ára | 18 ára og eldri | Samtals | Yngri en 18 ára | 18 ára og eldri | Samtals |
| Golfklúbbur Ísafjarðar | 8 | 150 | 158 | 10 | 158 | 168 |
| Golfkl. Gláma | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hestam.f. Hending | 5 | 49 | 54 | 5 | 49 | 54 |
| Hestam.f. Stormur | 29 | 95 | 124 | 10 | 99 | 109 |
| Hörður | 90 | 234 | 324 | 215 | 97 | 312 |
| Grettir | 9 | 104 | 113 | 21 | 14 | 35 |
| Höfrungur | 8 | 242 | 250 | 3 | 62 | 65 |
| Ívar | 3 | 31 | 34 | 3 | 16 | 19 |
| Stefnir | 42 | 128 | 170 | 41 | 19 | 92 |
| Vestri | 254 | 978 | 1232 | 350 | 171 | 521 |
| Siglingaf. Sæfari | 67 | 274 | 341 | 6 | 44 | 50 |
| Skíðafélagið | 260 | 359 | 619 | 57 | 6 | 63 |
| Skotíþróttaf. Ísafjb | 13 | 203 | 216 | 8 | 102 | 110 |
| TBÍ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Geisli | 40 | 185 | 225 | 27 | 26 | 53 |
| Kubbi | 0 | 62 | 62 | 0 | 62 | 62 |

# Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV

| | Framlög | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ísafjarðarbær | Lottó | Getraunir | Skattur | Eftirstöðvar | Tryggingar | Samtals |
| Golfklúbbur Ísa | 125.413 kr. | 470.761 kr. | 20.069 kr. | -23.700 kr. | 592.543 kr. | -29.496 kr. | 563.047 kr. |
| Gláma | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | - kr. |
| Hestam.f. Hen | 59.660 kr. | 189.817 kr. | 8.092 kr. | -8.100 kr. | 249.469 kr. | -9.874 kr. | 239.595 kr. |
| Hestam.f. Storr | 113.091 kr. | 347.220 kr. | 14.803 kr. | -18.600 kr. | 456.514 kr. | -21.074 kr. | 435.440 kr. |
| Hörður | 572.717 kr. | 2.310.141 kr. | 98.485 kr. | -48.600 kr. | 2.932.744 kr. | -53.765 kr. | 2.878.978 kr. |
| Grettir | 69.659 kr. | 278.334 kr. | 11.866 kr. | -16.950 kr. | 342.910 kr. | -20.796 kr. | 322.114 kr. |
| Höfrungur | 56.495 kr. | 222.676 kr. | 9.493 kr. | -37.500 kr. | 251.164 kr. | -47.096 kr. | 204.068 kr. |
| Ívar | 25.889 kr. | 101.654 kr. | 4.334 kr. | -5.100 kr. | 126.777 kr. | -6.230 kr. | 120.547 kr. |
| Stefnir | 120.911 kr. | 485.213 kr. | 20.686 kr. | -25.500 kr. | 601.310 kr. | -28.687 kr. | 572.623 kr. |
| Vestri | 956.747 kr. | 3.856.040 kr. | 164.390 kr. | -184.800 kr. | 4.792.377 kr. | -212.497 kr. | 4.579.881 kr. |
| Siglingaf. Sæfa | 47.857 kr. | 190.085 kr. | 8.104 kr. | -51.150 kr. | 194.895 kr. | -59.118 kr. | 135.777 kr. |
| Skíðafélagið | 166.940 kr. | 668.983 kr. | 28.520 kr. | -92.850 kr. | 771.593 kr. | -94.679 kr. | 676.914 kr. |
| Skotíþróttaf. Ísa | 131.886 kr. | 523.987 kr. | 22.339 kr. | -32.400 kr. | 645.812 kr. | -40.135 kr. | 605.677 kr. |
| TBÍ | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | - kr. |
| Geisli | 0 kr. | 337.448 kr. | 14.386 kr. | 0 kr. | 351.834 kr. | 0 kr. | 351.834 kr. |
| Kubbi | 43.120 kr. | 169.765 kr. | 7.237 kr. | -9.300 kr. | 210.823 kr. | -11.861 kr. | 198.962 kr. |

# Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi

*Nafnalisti ártal og íþróttagrein*

| | | |
|---|---|---|
| *Guðmundur Jóhannsson* | *1980* | *skíðamaður* |
| *Einar Ólafsson* | *1981* | *skíðamaður* |
| *Stella Hjaltadóttir* | *1982* | *skíðamaður* |
| *Einar Ólafsson* | *1983* | *skíðamaður* |
| *Ingólfur Arnarson* | *1984* | *sundmaður* |
| *Einar Ólafsson* | *1985* | *skíðamaður* |
| *Helga Sigurðardóttir* | *1986* | *sundmaður* |
| *Einar Ólafsson* | *1987* | *skíðamaður* |
| *Einar Ólafsson* | *1988* | *skíðamaður* |
| *Helga Sigurðardóttir* | *1989* | *sundmaður* |
| *Helga Sigurðardóttir* | *1990* | *sundmaður* |
| *Helga Sigurðardóttir* | *1991* | *sundmaður* |
| *Ásta S. Halldórsdóttir* | *1992* | *skíðakona* |
| *Daníel Jakobsson* | *1993* | *skíðamaður* |
| *Pétur Þór Gretarsson* | *1994* | *golfari* |
| *Ásta S. Halldórsdóttir* | *1995* | *skíðakona* |
| *Arnór Þ. Gunnarsson* | *1996* | *skíðamaður* |
| *Friðrik E. Stefánsson* | *1997* | *körfuboltamaður* |
| *Sigríður B. Þorláksdóttir* | *1998* | *skíðakona* |
| *Ólafur Th. Árnason* | *1999* | *skíðamaður* |
| *Katrín Árnadóttir* | *2000* | *skíðakona* |
| *Heiðar Ingi Marinóson* | *2001* | *sundmaður* |
| *Ólafur Th. Árnason* | *2002* | *skíðamaður* |
| *Ólafur Th. Árnason* | *2003* | *skíðamaður* |
| *Sigurður G. Þorsteinsson* | *2004* | *körfuboltamaður* |
| *Jakob Einar Jakobsson* | *2005* | *skíðamaður* |

| | | |
|---|---|---|
| *Þórir Guðmundsson* | *2006* | *körfuboltamaður* |
| *Sólveig G Guðmundsdóttir* | *2007* | *skíðakona* |
| *Ragney Líf Stefánsdóttir* | *2008* | *sundkona* |
| *Emil Pálsson* | *2009* | *knattspyrnumaður* |
| *Emil Pálsson* | *2010* | *knattspyrnumaður* |
| *Thelma Rut Jóhannsdóttir* | *2011* | *skíðakona* |
| *Eva Margét Kristjánsdóttir* | *2012* | *körfuboltakona* |
| *Kristín Þorsteinsdóttir* | *2013* | *sundkona* |
| *Kristín Þorsteinsdóttir* | *2014* | *sundkona* |
| *Kristín Þorsteinsdóttir* | *2015* | *sundkona* |
| *Kristín Þorsteinsdóttir* | *2016* | *sundkona* |
| *Albert Jónsson* | *2017* | *skíðamaður* |
| *Elmar Atli Garðarson* | *2018* | *knattspyrnumaður* |
| *Mateusz Klózka* | *2019* | *blakmaður* |
| *Albert Jónsson* | *2020* | *skíðamaður* |

## Ferðasjóður ÍSÍ

Ferðasjóður ÍSÍ hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir aðildarfélög HSV og hafa þau verið dugleg að sækja í sjóðinn. Mjög mikilvægt er að öll félög sendi inn í ferðasjóðinn fyrir þann ferðakostnað sem styrkhæfur er. Íþróttafélögin í landinu geta með þessu móti sýnt fram á það hversu mikill kostnaður er fólgin í ferðalögum og hversu brýnt er að hann verði efldur til mikilla muna.

Landsbyggðarstuðullinn sem settur var á fyrir fjórum árum er að vinna vel með félögunum úti á landi sem sýnir sig í hærri styrk til HSV. Stofnun Vestra hefur líka áhrif en með því að sækja um styrki undir sama félaginu þá fæst betri hlutdeild í pottinum því að heildarupphæð umsóknar hvers félags hefur áhrif á útgreiðsluhlutfall.

# Skýrslur aðildarfélaga HSV

## Golfklúbbur Ísafjarðar

### Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:

Jakob Ólafur Tryggvason formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Bjarki Bjarnason gjaldkeri, Kristín Hálfdánsdóttir ritari, Guðni Ólafur Guðnason meðstjórnandi, Kristján Ásgeirsson meðstjórnandi og Guðjón Helgi Ólafsson meðstjórnandi.

*Varastjórn:*
Þórunn Snorradóttir, Gauti Friðriksson og Einar Gunnlaugsson

*Skoðunarmenn reikninga:*
Jens Andrés Guðmundsson og Baldur Geirmundsson.

### Fastanefndir klúbbsins:

*Forgjafanefnd:*
Jakob Ólafur Tryggvason og Kristinn Þórir Kristjánsson.

*Húsnefnd Golfskálans í Tungudal:*
Þórunn Snorradóttir formaður, Gauti Friðriksson

*Mótanefnd:*
Guðni Ólafur Guðnason formaður og Guðjón Helgi Ólafsson, Víðir Arnarsson og Kristinn Þórir Kristjánsson

*Unglinganefnd*
Shiran Þórisson, formaður, Kristján Elías Ásgeirsson og Jakob Ólafur Tryggvason

*Vallarnefnd:*
Einar Gunnlaugsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson, Jóhann Birkir Helgason ,Karl Ingi Vilbergsson og Tryggvi Sigtryggsson

*Kvennanefnd:*
Kristín Hálfdánsdóttir formaður og Anna Guðrún Sigurðardóttir.

*Öldunganefnd:*
Finnur Magnússon.

*Aganefnd:*
Tryggvi Guðmundsson formaður og Tryggvi Sigtryggsson.

***Sundagolfsnefnd:***

Bjarki Bjarnason formaður, Gunnar Þórðarson, Víðir Arnarson og Anna G. Sigurðardóttir.

**Félagsstarf**

Á þessum aðalfundi Golfklúbbs Ísafjarðar eiga að ganga úr stjórn: Guðni Ólafur Guðnason, Kristján Ásgeirsson,Bjarki Bjarnasson og Kristín Hálfdánsdóttir.

Skráðir félagar í golfklúbbnum árið 2020 voru 160 það er það fjölgun frá síðasta ári. Aðsókn að golfvellinum í sumar var að mjög góð enda var straumur af ferðamönnum á Vestfjörðum í ár.

Covid hafði töluverð áhrif á starf stjórnar á liðnu ári og fram á vetur með mun minni samveru félagsmanna en áður. Formlegt starfsár Golfklúbbsins hófst með opnun golfvallar þann 21 maí með móti í Texas Scramble .

**Starfsmannamál**

Tryggvi Sigtryggsson og Vilhjálmur Antonsson voru vallartjórar, Ásgeir Kristjánsson og Egill Fjölnisson voru fastir starfsmenn. Reynir Pétursson og Finnur Magnússon sáu um umhirðu á púttvellinum á Torfnesi og á golfvellinum, og Finnur sá um rekstur golfskálans. Að auki útvegaði Ísafjarðarbær 3-4 unglinga frá vinnuskólanum í vinnu á golfvellinum í júní og júlí.

Öllum þessum starfsmönnum er færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

**Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ**

Samkvæmt samningi við HSV sá G.Í. áfram um slátt og umhirðu púttvallarins við Hlíf í sumar í góðri samvinnu við Félag eldri borgara. G.Í. leigði líka bænum sláttuvél á Torfnesi.

**Æfingar og æfingaaðstaða**

Árlegt golfnámskeið á vegum Auðuns Einarssonar byrjaði vel síðastliðinn vetur, en vegna Covid náðist ekki að klára námskeiðið. Félagsmenn héldu byrjendanámskeið í upphafi sumars við mikla aðsókn og öll kvöldin og mættu 30 byrjendur. Stjórnin þakkar þeim félagsmönnum sem aðstoðuðu. Sérstakar þakkir fá Anton Helgi og Einar fyir skipulagninu. Golfhermir og púttaðstaða í Sundagolfi voru mjög vel nýtt á síðasta ári, má segja að með aukinni kennslu og frábærri aðstöðu hefur félögum í G.Í. fjölgað verulega. Sundagolfsnefnd er þakkað fyrir gott starf.

**Barna -og unglinganefnd**

Æfingar fyrir börn og unglinga stóðu yfir í júlí og ágúst, Anton Helgi tók að sér að kennslu. Ætlunin er að keyra á styttri námskeið á næsta ári. Einnig er stefnt að vera með kennslu innanhúss í vetur ef aðstæður leyfa. G.Í. hefur nú á að skipa nokkrum unglingum sem reyndu fyrir sér á stærri mótum í fyrra, halda þar betur utan um hópinn og efla barna og unglingastarfið til að ná til fleiri yngri kylfinga. Til þess þarf að kynna golfíþróttina betur í skólum, auka æfingar og mót yfir sumartímann.

**Kvennastarf**

Kvennastarf var í sumar eins og undanfarin ár. Skipulagðir voru golftímar fyrir konur á þriðjudögum kl.17:00 og voru vel sóttir. Haldið var innanfélagsmót sem mæltist vel fyrir og ákveðið að verði árlegt héðan í frá.

**Vallarmál**

Golfvöllurinn kom þokkalega undan vetri og vel gekk hjá félögum að undirbúa hann fyrir sumarið.

Í byrjun sumars voru keyptar nýjar stangir og bollar og keyptur sandur til að bæta í glompur.
Unnið var við stækkun teigs númer fjögur og gras fjarlægt og hann sléttaður. Reiknað með að klára á komandi sumri en þá á að tyrfa hluta hans
Keypt var sérræktað gras fyrir fjórðu flötina og hún tyrfð á góðu vinnukvöldi í júlí. Því miður kom grasið ekki vel út og var nánast ónýtt við móttöku þrátt fyrir nákvæmar leiðbeiningar um flutning. Lærdómurinn er sá að frekar skuli sáð fræjum til að koma í veg fyrir svona aftur, sem var gert og fjárfest í sérstökum tækjum til að auðvelda vinnuna, áburður borinn á og vonandi kemur flötin vel undan vetri.
Sett var möl ofan í skurðinn við sjöundu braut og rörum komið fyrir. Í sumar þegar jarðvegur verður nægilega þurr verður haldið vinnukvöld þar sem verkefnið verður klárað með aðstoð tækja.

Beðið er með að skoða stækkun á vellinum um þrjár holur þangað til skipulagsvinnu er lokið á svæðinu í Tungudal.

**Vélamál**

Ástand vinnuvéla klúbbsins er í nokkuð góðu standi miðar við aldur. Klúbburinn hefur yfir að ráða tveimur stórum brautarvélum, röffvél, stórri flatarsláttuvél, handflatarsláttuvél og tveimur minni vélum. Á árinu voru keypt flatarvaltari, blásarari til að hreinsa flatir og ný vél til að búa til holur á flatir.

Eins og undanfarin ár hefur stjórnin rætt um að það þurfi að endurnýja vélakost klúbbsins. Mögulegt er að fjármagna kaupin að hluta með sölu á gömlu brautarvélinni. Til framtíðar þarf að gera áætlun um kaup á öðrum vélum til viðhalds golfvallarins t.d brautarvél og pinngatara.

Í dag er búið er að yfirfara allar vélar og brýna hnífa og eru vélarnar tilbúnar fyrir sumarið.

**Húsnæðismál**

Það er komin tími á mikið viðhald á Golfskálanum og þarf að skipta um alla glugga og mála hann, ásamt því að lagfæra pallinn og fleira smáræði.

Ákveðið hefur verið að kaupa varmadælu í skálann til að lækka rekstrarkostnað klúbbsins til lengri tíma.

Stjórnin hefur rætt um að fjárfesta á næstu árum í vélargeymslu við golfskálann. Með það í huga hafa verið skoðaðar 200 til 250m2 byggingar. Með tilkomu stækkuninnar mun skapast aðstaða fyrir allar vélar klúbbsins og aðstöðu til viðhalds þeirra og einnig pláss fyrir fleiri skápa, en það er langur biðslisti hjá klúbbnum.

Stofna þarf byggingarnefnd til að skoða möguleika um fjármögnum og leyfisveitingar við byggingu vélargeymslunnar.

**Mótahald**

Mótahald var með svipuðu sniði og s.l. ár. Haldin voru 28 golfmót á vegum G.Í. sem er aukning um þrjú mót frá fyrra ári.

Fjölmennasta mótið var Íslandssögumótið en 59 keppendur tóku þátt í því móti. Töluverð aukning var á þátttöku frá fyrra ári en samtals 858 keppendur tóku þátt í mótum sumarsins samanborið við 604 frá 2019.

Þátttakendur frá 21 golfklúbbi tóku þátt í mótum sumarsins. Meðlimir G.Í. spiluðu að sjálfsögðu lang flesta hringi eða 723 talsins, Bolvíkingar 71 og GKG spiluðu níu.

Vilhjálmur Matthíasson var iðnasti keppandi sumarsins, tók þátt í 26 mótum, næst kom Ásdís Pálsdóttir með 24 mót.

Meistaramót G.Í. var haldið dagana 1. – 4. júlí. Keppt var í unglinga-, kvenna- og karlaflokkum. Keppendur voru 33 sem var fjölgun um átta frá fyrra ári.

Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2020 eru:

| | |
|---|---|
| 1. flokkur karla: | Anton Helgi Guðjónsson |
| Kvennaflokkur | Bjarney Guðmundsdóttir |
| 2. flokkur karla: | Julo Thor Rafnsson |
| 50 ára og eldri: | Kristinn Þórir Kristjánsson |
| 65 ára og eldri: | Finnur Veturliði Magnússon |
| Unglingaflokkur: | Hjálmar Helgi Jakobsson |

Skálameistaramótin voru 13 og leikið var á fimmtudögum. Fjölmennasta mótið fór fram 9. júlí og taldi 34 keppendur. Samtals 69 kylfingar tóku þátt í fimmtudagsmótum sumarsins og léku samtals 294 hringi. Til samanburðar voru mótin 10 árið 2019 og 126 hringir spilaðir. Mikil og ánægjuleg aukning.

Finnur Veturliði Magnússon tók þátt í flestum mótum eða 13 talsins.

Fyrirkomulag sumarsins var að 10 bestu mót keppenda töldu.

Skálameistarar G.Í. 2020 eru:

Kvennaflokkur: Ásdís Birna Pálsdóttir 143 punktar

Karlaflokkur: Julo Thor Rafnsson 161 punktur

Stjórnin hefur ákveðið að veita Guðna Guðnasyni háttvísisverðlaun G.Í. fyrir árið 2020

Guðni er mikilvægur félagsmaður og er formaður mótanefndar og hefur skilað því af miklum dugnaði. Hann er alltaf glaður og tilbúinn að vinna fyrir klúbinn. Hann smitar út frá sér og gefur af sér góðan þokka og er háttvís leikmaður á golfvellinum. Guðni er hrókur alls fagnaðar í félagstarfinu og duglegur að hrósa öðrum kylfingum.

**Rekstur**

Afkoma ársins er svipuð og árið 2019, mikil aðsókn var á vellinum í sumar og mótahald var með sviðuðu sniði og árið á undan.

Frekari skýringar og umfjöllun um reksturinn koma fram í reikningum klúbbsins sem lagðir verða fram hér á eftir.

Helstu tekjuliðir voru eins og áður félagsgjöld, flatargjöld,tekjur af Sundagolfi, mótagjöld, rekstur golfskála, styrktarsamningar og þjónustusamningur við HSV. Eins og áður greiðir Ísafjarðarbær laun fyrir einn starfsmann í 5 mánuði og lagði til vinnu 4 unglinga frá Vinnuskólanum.

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar er háður stuðningi margra aðila, fyrirtækja, einstaklinga og Ísafjarðarbæjar. Ennfremur er rekstur og uppbygging klúbbsins háður sjálboðavinnu félagsmanna og væri ekki mögulegur án þess fórnfúsa starfs sem þeir inna af hendi.

Klúbburinn þakkar öllum vellunnurum sínum fyrir stuðninginn.

**Lokaorð.**

Það er skrítið ár er að baki undir áhrifum Covid 19, semhafði mikil áhrif hjá okkur bæði í leik og starfi. Loka þurfti vellinum og skálanum um tíma vegna smita og samkomubanns. Rekstur golfklúbbsins gekk vonum framar. Mikil aðsókn ferðamanna á völlinn hafði þar

mikið að segja. Gerum við ráð fyrir því svipaðri umferð í sumar. Breytingar á vellinum hafa gengið ágætlega. Það eru þó blikur í lofti sem munu gera uppbyggingu vallarins erfiðari á næsta ári. Ísafjarðarbær hefur ákveðið að endurnýja ekki uppbyggingarsamninginn við íþróttafélögin 2021. Finna þarf aðrar leiðir til fjármögnunar ef þetta verður niðurstaðan til framtíðar.

Rekstur golfskálans hefur verið til mikillar fyrirmyndar undir styrkri stjórn Finns V. Magúnssonar. Stjórnin vill þakka honum sérstaklega fyrir að standa vaktina með einstakri þjónustulund og gestristni.

Ég vil þakka starfsmönnum klúbbsins, stjórnar og nefndarmönnum fyrir samstarfið á árinu . Félagsmönnum þakka ég fyrir þeirra vinnu og skemmtilegt golfsumar.

Vegna breytingar á mínu starfi þá get ég ekki gefið kost á mér til áframhaldandi formennsku.

7. apríl 2021

Jakob Ólafur Tryggvason formaður G.Í.

# Stefnir

**Stjórn Stefnis árið 2020**
Á aðalfundi félagsins 18. maí 2020 var kosin ný stjórn og er hún þannig skipuð: Svava Rán Valgeirsdóttir formaður, Svala Sigríður Jónsdóttir ritari, Þorgerður Karlsdóttir gjaldkeri, Dominik Bochra og Tara Óðinsdóttir meðstjórnendur.
**Íþróttastarf 2020**
Það er ekki hægt að segja að íþróttastarf Stefnis hafi verið hefðbundið þetta starfsárið. Það drógst aðeins að byrja starfið aftur eftir áramótin og var það ekki fyrr en um 20. janúar sem það byrjaði af fullum krafti. Hins vegar þurfti oft að fella niður tímana þar sem það gekk á með gulum og appelsínugulum veðurviðvörunum, skólanum var lokað vegna veðurs og þjálfarar komust ekki frá Ísafirði. Við rétt náðum að halda hið árlega öskudagsball þann 26. febrúar en svo gerist það að þann 28. febrúar greindist fyrsta Covid smitið á Íslandi. Þessi veira hefur síðan haft meiri og minni áhrif á allt okkar íþróttastarf síðasta starfsárið og sér ekki alveg fyrir endann á því. Þó svo að maður sé vongóður um að það hilli undir lok á þessum heimsfaraldri. Þann 16. mars var okkur gert að fella niður allt íþróttastarf vegna samkomubanns og var það gert til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu á covid. Við fengum ekki að byrja starfið okkar aftur fyrr en 12. maí en vorönninni lauk síðan í lok maí.
Yfir sumarið fengum við smá pásu frá takmörkunum vegna covid og að venju vorum við með Víðavangshlaupið okkar þann 17. júní. Við náðum einnig að bjóða upp á leikjanámskeið en hins vegar náðum við ekki að útvega þjálfara fyrir sundnámskeiðið sem við höfum að venju boðið upp á. Stella Hjaltadóttir hefur til fjölda margra ára séð bæði um leikja- og sundnámskeiðið hjá okkur, það var því mikill missir fyrir okkur að hún gaf ekki lengur kost á sér í það starf. Við viljum þakka Stellu sérstaklega fyrir frábært starf fyrir Stefni í öll þessi ár en það eru margir krakkar sem eiga góðar minningar frá leikja- og sundnámskeiðum hjá Stellu, enda hefur hún alltaf lagt metnað og alúð í námskeiðin. Sara Hrund Signýjardóttir og Aldís Jóna Haraldsdóttir tóku við af Stellu með leikjanámskeiðið og heppnaðist það mjög vel. Þorgerður Karlsdóttir og Tara Óðinsdóttir voru til aðstoðar þegar þess þurfti. Skráning á námskeiðið var góð og börnin sem tóku þátt voru ánægð með það.
Í miklu vatnsveðri sem gekk yfir í júlí flæddi inn í íþróttahúsið okkar sem varð til þess að skemmdir urðu á íþróttasalnum. Lagfæringar á húsinu tóku sinn tíma og við byrjuðum því ekki

hauststarfið fyrr en í október og vorum rétt búin að starfa í mánuð þegar það komu tilmæli frá sóttvarnalækni um að allt íþróttastarf skyldi falla niður til 17. nóvember. Við gátum svo byrjað æfingar aftur þann 18. nóvember og störfuðum í mánuð þar til börnin fóru í jólafrí. Það má því segja að þetta ár hafi verið óvenjulegt á margan hátt og ýmislegt annað en bara covid sem hafði áhrif á starfið okkar. En sem betur fer í öllu þessu eru börn á Suðureyri mjög dugleg að vera úti og sérstaklega tekur maður eftir því hvað þau eru dugleg að fara saman í leiki á kvöldin.

**Námskeið á síðasta starfsári**

**Blak:** Blakæfingar voru fyrir krakka í 2. – 5. bekk. Þjálfarar: Tihomir Paunovski og Juan Escalona.

**Fjölskyldutími í íþróttahúsinu:** Foreldrum og börnum var boðið upp á frjálsan tíma í íþróttahúsinu einu sinni í viku.

**Leikjanámskeið:** Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið fyrir börn á aldrinum 7–14 ára. Kennarar: Sara Hrund Signýjardóttir og Aldís Jóna Haraldsdóttir. Mjög góð þátttaka var á námskeiðinu en 20 börn tóku þátt.

**Íþróttaskóli HSV fyrir 1.- 5. bekk:** Á vorönn var íþróttaskólinn tvisvar sinnum í viku með grunnþjálfun og boltaskólann sem skiptis í handbolta, körfubolta og fótbolta. Þjálfarar voru Carlos, Helgi og Heiðar. Á haustönninni tókst ekki að bjóða upp á boltaskóla en þess í stað var boðið upp á aldursskiptar æfingar í grunnþjálfum tvisvar sinnum í viku, 1 -. 4. bekkur saman og 5. – 7. bekkur saman. Þjálfari var Hrefna Ásgeirsdóttir.

**Fótbolti:** Á vorönn var boðið upp á fótbolta fyrir krakka í 4. – 10. bekk. Jafnfram vorum við með útifótboltaæfingar um sumarið. Þjálfari: Heiðar Birnir Torleifsson.

Það er því ýmislegt í boði fyrir krakkana og vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi.

**Mót og uppákomur á vegum félagsins**

**Víðavangshlaup:** Að venju stóð félagið fyrir víðavangshlaupi þann 17. júní og var skráðir 27 þátttakendur. Ólafur Kolbeinn Guðmundsson vann hlaupið þetta árið, Valgerður Hallbjörns-dóttir var elsti þátttandinn og Regína Myrra Svavarsdóttir var yngst í hlaupinu.

**Öskudagsball:** Að venju var haldið Öskudagsball í félagsheimilinu í samvinnu við foreldra-félag Grunnskólans.

**Þátttaka á mótum**
Öll mót sem Stefnir hefur tekið þátt í féllu niður þetta starfsárið vegna covid. Hins vegar náðist að bjóða krökkunum að taka þátt í námskeiði á vegum KSÍ „Komdu í fótbolta“ en um var að ræða átaksverkefni félagsins til að auka áhuga krakka á minni stöðum á fótbolta. Sigurjón Kristjánsson var með námskeiðið.
**Fjáröflun:**
**Dósa- og flöskusöfnun.** Aðalfjáröflun félagsins er í formi dósa- og flöskusöfnunar. Unnið var að endurbótum á dósaskúrnum okkar. Skipt var um hurðir, opnað á milli hólfa og sett nýtt gólf.
**Áramóta- og vorhreinsun**: Greitt er í fyrir það í gegnum þjónustusamning Ísafjarðarbæjar við HSV.
**Styrkir sem félagið veitti á árinu:** Hægt er að sækja um styrki í dósasjóð Stefnis til að standa straum af keppnisferðum, skiptir þá ekki máli hvort að viðkomandi sé að keppa með félaginu eða öðru félagi. Hins vegar þarf viðkomandi barn og/eða foreldrar að hafa tekið þátt í dósasöfnun með félaginu. Ekki var mikið greitt úr þessum sjóði þetta árið enda lítið um mót.
**Gjafir til félagsins og barnanna:**
Í ár fengu allir krakkar sem mættu á fótboltaæfingar hjá Stefni fótbolta að gjöf frá fyrirtækinu Samleið á Dalvík, en það fyrirtæki er í samstarfi við Klofning á Suðureyri.
Svava Rán Valgeirsdóttir
Formaður Stefnis Suðureyri

## Kubbi – Íþróttafélag eldri borgara á Ísafirði

Árið 2020 strax í byrjun janúar hófst starfið með æfingum í Boccia í Íþróttahúsinu á Torfnesi og sundleikfimi í Sundhöll Ísafjarðar.

**Sund:**

Þjálfari var Rannveig Pálsdóttir, íþróttakennari og var æft tvisvar í viku þar til alt var stoppað vegna covid 19 faraldursins strax í byrjun mars (7.mars). Að jafnaði mættu 15 – 17 konur í hver tíma, en heildar fjöldi kvenna sem stundar þessar æfingar er 23.

**Boccia:**

Þjálfari í Boccia var eins og áður Jens Kristmannsson, 25 manns stunda nú boccia hjá félaginu og eru um 15 – 18 á hverri æfingu. Æfingar voru þrisvar í viku þar til í byrjun mars er alt stöðvaðist vegna covid 19. Æfingar hófust að nýju í október en voru stöðvaðar aftur vegna covid 19 um miðjan nóvember. Okkar árlega Góumót í Boccia sem vera átti í mars 2020 var fellt niður vegna covid 19 faraldursins. Ekkert varð af hinni hefðbundnu jólasmurbrauðshátíð Boccia-hópsins þetta árið vegna samkomubanns.

**Púttvöllurinn:**

Púttvöllurinn kom nokkuð vel undan vetri og var farið að hugsa um hann strax og hann varð þurr. Ristað, sandað, sáð og borið á undir forustu félaga úr GÍ. Völlurinn var formlega opnaður 17.maí, heimsóknir á völlinn frá maí til október voru 1677 að jafnaði 10 manns á dag. Um daglega umsón vallarins sáu Reynir Pétursson og Finnur Magnússon, svo og um opnun og lokun alla virka daga. Um helgaropnun vallarins sáu félagar í Kubba þeir sem stunda Pútt.



Héðinsmót Pútt kvennaflokkur 2020.

**Pútt:**

Sumarið 2020 voru haldin 6 púttmót á vegum félagsins, með tilskyldum sóttvarnarreglum, Öll púttmót félagsins enda með verðlaunaafhendingu og kaffiveitingum , sem að jafnaði eru í höndum stjórnarkvenna. Púttmótin sem haldin voru þetta árið voru: Opnunarmót, Héðinsmót, Skemmti- og Plankamót, Paramót, Fyrirtækjamót og Lokamót.  Íslandsmót Pútt 60+ átti að halda hér á Ísafirði á ágúst, en því var frestað til ársins 2021 vegna Covid 19  þar sem ekki var víst að unnt yrði að trygga, að sóttvarnarreglur yrðu haldnar. Umsjón og mótsstjórn púttmóta var í höndum: Reynis Péturssonar, Finns Magnússonar og Jens Kristmannssonar.  Púttvellinum var svo formlega lokað 22.október 2020.



Héðinsmót Pútt karlaflokkur 2020.

**Leikjadagur:**

Við buðum til leikjadags í samvinnu við Félag eldriborgar á Ísafirði og var góð mæting eldriborgara þrátt fyrir að veðrið væri ekki nógu gott. Skemmtu menn sér bæði í Pútti og Boccia, svo og yfir kaffi og kleinum. Þessi uppákoma tókst með ágætum og væri vel þess virði að endurtaka árlega.

**Landsmót UMFÍ 50+:**

Landsmóti UMFÍ 50+ sem vera átti í Borgarnesi var frestað til ársins 2021 vegna Covid 50+.

**Fjáraflanir:**

Ein helsta fjáröflun félagsins Fyrirtækjamótið í Pútti var haldið í september með þátttöku 15 fyrirtækja og félaga. Í þetta mót bjóðum við fyrirtæjum og félögum í bænum þátttöku svo og að þeir sendi keppendur, eða að félagar úr Kubba keppi fyrir þau. Að þessu sinni varð sigurvegari, Félag Opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, keppandi var Finnur Magnússon.



Fyrirtækjamót Pútt 2020.

**Lokaorð:**

Þann 31.mars 2021 eru 10 ár frá stofnun félagsins og væri vert að minnast þess á veglegan hátt á árinu, í tengslum við ýmis mót eða uppákomur.

Íslandsmót 60+ í Pútti sem vera átti 2020 hér á Ísafirði og frestað var eins og áður er sagt er áformað þann 14.ágúst 2021.



Paramót Pútt 2020.

Á árinu var ekki mikið um bókaða fundi stjórnar vegna covid, en nokkuð af óformlegum fundum í tenglum við framkvæmd móta og annarra viðburða, sem félagið var þátttakandi í.

Stjórn félagsins var þannig skipuð s.l. ár:

Formaður: Sigríður Þórðardóttir,

varaformaður: Finnur Magnússon,

ritari: Árný Oddsdóttir,

gjaldkeri: María Hagalínsdóttir,

meðstjórnandi: Kristján S. Kristjánsson.

Varastjórnskipuðu: Reynir Pétursson, Gunnar Veturliðason,

Gunnlaugur Gunnlaugsson.

Að lokum þakkar undirrituð, stjórn og félagsmönnum, sem og öðrum velunnurum félagsins fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu, með von um svo verði áfram.

Ísafirði 28.mars 2021

Sigríður Þórðardóttir, formaður

# Vestri Íþróttafélag

# Aðalstjórn Vestra

**KÆRA VESTRAFÓLK**

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 4. júní 2020, sem var mun seinna en lög félagsins gera ráð fyrir, en samkomubann vegna Covid-19 hafði komið í veg fyrir fundarhöld fram að því. Á þessum aðalfundi varð sú breyting á stjórn að Hjalti Karlsson lét af störfum sem formaður og Guðfinna Hreiðarsdóttir tók við formennsku. Þá gekk Sigurður Jón Hreinsson úr stjórn og Hlynur Reynisson kom í hans stað. Á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund var Hjalti Karlsson var kjörinn varaformaður, Sólrún Geirsdóttir var kjörin ritari, Guðni Guðnason sem fyrr gjaldkeri. Aðalstjórn fundaði níu sinnum á árinu, þar af voru þrír fjarfundir. Tveir formannafundir voru haldnir um haustið, annar þeirra í fjarfundi. Í þessari starfsskýrslu verður einungis tæpt á helstu viðfangsefnum stjórnar og vísast að öðru leyti í fundargerðir aðalstjórnar á heimasíðu félagsins.

**COVID-19 OG ÁHRIF ÞESS Á STARFSEMI FÉLAGSINS**

Á aðalfundinum í júní voru menn bjartsýnir á að við værum komin yfir það versta hvað Covid-19 varðaði og þaðan í frá lægi leiðin upp á við. Lítið vissum við þá. Á Íslandi var íþróttastarf með eðlilegum hætti framan af ári 2020 en seinni part febrúar fóru fyrstu tilfellin af Covid-19 að greinast á Íslandi og hafði það fljótlega áhrif á hefðbundið íþróttastarf. Þann 20. mars féll allt íþróttastarf niður og fór ekki af stað aftur fyrr en upp úr miðjum maí. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir var sumarstarfið með nokkuð eðlilegum hætti þó ýmsar hömlur væru vegna sóttvarna þar til í lok júlí. Þá voru sóttvarnaaðgerðir hertar að nýju með tilheyrandi takmörkunum á starfsemi íþróttafélaga. Aðgerðir voru svo enn hertar 7. október og mótahaldi í öllum aldursflokkum frestað til 19. október en þá komu tilmæli frá sóttvarnarlækni um að allt íþróttastarf yrði stöðvað og frá 31. október voru allar íþróttir, þar með talið æfingar og keppni barna og fullorðinna, innan- eða utandyra, með eða án snertingar, óheimilar. Þá var m.a. keppni í úrvaldsdeild karla í knattspyrnu hætt en mótið hafði dregist á langinn vegna sóttvarnaaðgerða á árinu. Þann 18. nóvember var heimilt að hefja æfingar að nýju með ströngum skilyrðum og frá 13. janúar á þessu ári voru íþróttaæfingar barna og fullorðinna heimilar með og án snertingar innan- og utandyra og íþróttakeppnir barna og fullorðinna heimilar án áhorfenda. Seinnipartinn í mars var öllu skellt í lás aftur fram í miðjan apríl.

Íslandsmótum í blaki og körfuknattleik var hætt vorið 2020 en um sumarið stefndi allt í að hægt yrði að halda Íslandsmót komandi veturs að uppfylltum skilyrðum um sóttvarnir þannig að forráðamenn deildanna fóru að undirbúa tímabilið og semja við leikmenn,

þjálfara og aðra starfsmenn. Meistaraflokkur karla hjá körfuknattleiksdeild Vestra hafði spilað einn leik í 1. deild þegar sóttvarnaraðgerðir voru hertar að nýju og mótið var stöðvað. Næsti leikur hjá þeim fór fram 15. janúar 2021. Meistaraflokkur kvenna í körfu náði tveimur leikjum um haustið og þriðji leikurinn var svo 16. janúar. Hjá blakdeildinni náði meistaraflokkur karla að spila einn leik í efstu deild í upphafi hausts og síðan ekkert fyrr en í 31. janúar 2021. Strangar sóttvarnareglur voru í gildi á undirbúningstímabili knattspyrnudeildarinnar vorið 2020 en reglur rýmkaðar þegar leið að sumri og keppni heimiluð með ströngum skilyrðum um sóttvarnir. Hafði keppnistímabilinu þá þegar seinkað talsvert og var ekki lokið þegar allt íþróttastarf var stöðvað 31. október. Átti meistaraflokkur karla þá eftir tvo leiki. Hjólreiðadeildin glímdi, eins og aðrir, við ýmsar takmarkanir vegna Covid-19. Mót heima og heiman féllu niður en engu að síður skiluðu sér í hús fyrstu Íslands- og bikarmeistaratitlar hjólreiðadeildar Vestra og það er augljóslega mikill sóknarhugur í þessu unglíða Vestra. Covid-19 hafði mikil áhrif á yngri flokka starf allra deilda og lá alveg niðri svo vikum skipti. Þegar æfingar og mót voru heimiluð þá var það með ströngum skilyrðum og margir stærri íþróttaviðburðir ætlaðir börnum féllu niður. Um starfsemi deilda félagsins er að öðru leyti er vísað í starfsskýrslur þeirra fyrir árið 2020.

Fjárhagsleg áhrif vegna Covid-19 hafa verið umtalsverð. Verulegur samdráttur varð í tekjum en móti breyttist rekstrarkostnaðurinn lítið. Félögin sátu uppi með launakostnað, húsnæðiskostnað o.fl. þar sem aðgerðir sóttvarnayfirvalda tóku nánast alltaf til skamms tíma í einu. Alltaf voru vonir bundnar við að hægt yrði að halda mótum áfram en reyndin varð sú að oftast lengdist tíminn sem aðgerðirnar giltu og óvissa var um framhaldið. Ríkið hefur stutt við íþróttahreyfinguna með því að leggja til fjármuni til að mæta áhrifum Covid-19. Vorið 2020 fékk Vestri 3,2 m.kr. í styrk vegna almennra aðgerða sem dreifðist á deildir félagsins skv. sömu útreikningum og lottótekjurnar. Jafnframt var hægt að sækja um sértækan styrk vegna taps eða tekjufalls vegna viðburða sem hætt var við fyrri hluta árs vegna Covid-19 og fékk blakdeildin 360 þús kr. úr þeim sjóði. Ekki hefur enn verið auglýstur sértækur styrkur vegna tekjufalls á seinni hluta ársins en hins vegar var aftur núna í vor úthlutað styrk vegna almennar aðgerða og fékk Vestri þá 3,4 m.kr. Í janúar á þessu ári var jafnframt opnað fyrir umsóknir vegna endurgreiðslu á launakostnaði og verktakagreiðslum hjá íþróttafélögum og öðrum samböndum sem starfa innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og þurftu að fella niður starfsemi tímabundið, að hluta eða öllu leyti, vegna opinberra sóttvarnarráðstafana á tímabilinu 1. október 2020 til og með 30. júní 2021.

## SKULDIR VEGNA LEIGUÍBÚÐA

Ýmis mál komu inn á borð aðalstjórnar Vestra á síðasta starfsári og hafa sum hver teygt sig yfir á núverandi starfsár. Ber þar fyrst að nefna húsaleigumálið svokallaða en seinnipartinn í ágúst 2020 kom erindi frá HSV þar sem greint var frá því að Vestri skuldaði 1.094.533 kr. í húsaleigu fyrir árið 2019 eftir að búið var að draga lottótekjurnar frá. Þann

5. febrúar á þessu ári sendi Vestri erindi á Héraðssamband Vestfirðinga og bæjarráð Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir því að leitað yrði leiða til að afskrifa þessa húsaleiguskuld í ljósi erfiðra aðstæðna íþróttafélaga vegna Covid-19. Í framhaldinu var haldinn fundur með stjórnum HSV og Vestra þar sem fram kom að húsaleiguskuld Vestra fyrir árið 2020 væri 3.261.305 kr. eftir að að búið var að draga lottótekjur frá. Jafnframt kom fram að HSV væri búið að greiða Ísafjarðarbæ alla húsaleigu fyrir 2019 og 2020 þannig að ekki væri hægt að óska eftir að skuldin yrði felld niður eða lækkuð hjá Ísafjarðarbæ þar sem þegar væri búið að greiða hana. Húsaleiguskuld Vestra var því samtals 4.355.838 kr. vegna áranna 2019 og 2020. Það verður að segjast eins og er að það kom stjórn Vestra nokkuð í opna skjöldu þessi mikla hækkun á milli ára, ekki síst í ljósi þess að tekjur félagsins af lottó og getraunum hækkuðu úr 3.284.565 kr. árið 2019 í 4.407.074 kr. árið 2020 eða 1.122.509 kr. á milli ára. Undanfarin ár hafa lottótekjur að mestu staðið undir húsnæðiskostnaði en skýringin á þessari miklu hækkun á milli ára er fyrst og fremst sú að sveitarfélagið leggur færri íbúðir fram sem styrk til íþróttafélaganna og þar af leiðandi þurfa þau að leigja fleiri íbúðir á fullu verði sem hækkar meðalleiguverð umtalsvert auk almennrar hækkunar á leiguverði. Í ljósi þessa var sent erindi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir því að sveitarfélagið kæmi til móts við Vestra með lækkun á leiguverði árið 2021 sem næmi upphæð skuldarinnar. Fengust þau svör að Ísafjarðarbær legði nú þegar fimm íbúðir til HSV samkvæmt samningi og bæjarráð sæi ekki að svigrúm væri til að veita styrk vegna leiguíbúða umfram gildandi samning. Ljóst er að það verður strembið fyrir deildir Vestra að greiða þessa skuld jafnhliða húsaleigu fyrir árið 2021.

**NEFND UM FRAMTÍÐARSKIPULAG Á TORFNESI**

Þann 21. október fékk Vestri sent erindi frá HSV þar sem kom fram að Ísafjarðarbær væri búinn að setja af stað nefnd til þess að fara yfir framtíðaskipulag fyrir Torfnessvæðið. Óskað var eftir hugmyndum og tillögum frá íþróttafélögum fyrir 1. nóvember 2020. Fór þetta inn á samráðsvettvangi Vestra á Facebook og komu fram nokkrar tillögur en þátttakan hefði mátt vera meiri. Vestri sendi inn fjölbreyttar og góðar tillögur og hefur ekkert heyrst frá þeirri nefnd síðan. Í þessari vinnu var tækifærið notað til að benda enn og aftur á nauðsyn þess að bæta aðstöðu í anddyri og opnu rými íþróttahússins á Torfnesi á Ísafirði sem og að betrumbæta búningsaðstöðuna í íþróttahúsinu á Torfnesi. Þar eru nú þrír búningsklefar en þyrftu að vera fjórir. Í tillögunum var einnig bent á að körfuboltavöllurinn á Torfnesi væri ónýtur og þyrfti að koma upp nýjum velli og jafnframt finna nýja staðsetningu fyrir hann þar sem hann lendir inn á vallarsvæði Torfnesvallar og urðu af því nokkur vandræði um sumarið þar sem girðing sem sett var upp til bráðabirgða sl. vor við norðurenda vallarins lá þvert yfir körfuboltavöllinn og kom í veg fyrir eðlilega notkun á honum. Í ljósi þessa og til að koma í veg fyrir að sagan endurtæki sig að ári, var strax um haustið sent inn erindi þar sem

hvatt var til þess að lögð yrðu drög að því að leysa þetta mál fyrir næsta sumar og skilst mér að hafi verið gert.

**VALLARHÚSIÐ**

Eitt þeirra mála sem aðalstjórn hefur haft á sinni könnu síðustu ár er efri hæðin í Vallarhúsinu á Torfnesi þar sem fyrirhugað er að útbúa almennilega félagsaðstöðu fyrir Vestra. Það var gerður uppbyggingarsamningur við Ísafjarðarbæ um endurbætur á húsnæðinu sem fól í sér vilyrði um styrk að upphæð 1,83 m.kr. Það var farið í framkvæmdir árið 2019 þar sem rafmagnsmál voru m.a. tekin í gegn en ekkert gerðist hins vegar árið 2020. Stefnt er að því að koma þarna upp eldhúsi og salerni sem er kostnaðarsöm framkvæmd og óljóst hvernig verður fjármögnuð.

**ÍÞRÓTTASKÓLINN**

Um miðjan október barst yfirlýsing frá körfuknattleiksdeildinni þar sem tilkynnt var að deildin segði sig frá íþróttaskóla HSV. Voru ástæðurnar fyrst og fremst þær að illa gengi að fá þjálfara til að sinna þessu verkefni, lítill áhugi væri hjá iðkendum og almennar efasemdir um fyrirkomulag hans og hverju hann skilaði. Íþróttaskólinn hefur verið til umræðu á formannafundum HSV og ljóst að skiptar skoðanir eru á starfsemi hans. Hvað sem fólki finnst þá er mikilvægt að taka umræðu um íþróttaskólann þar sem farið verður yfir starfsemina, hvort þau markmið hafi náðst sem lagt var af stað með í upphafi, hver árangurinn er og hvert á að stefna til framtíðar. Það má geta þess að meðal tillagna á komandi ársþingi HSV er tillaga um að skipaður verið starfshópur til að fjalla um framtíðarskipulag íþróttaskóla HSV.

**FÉLAGSGJÖLD OG GETRAUNALEIKUR**

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að árlegt félagsgjald yrði 2.000. kr. Á skrá voru um 800 félagar en alls greiddu eitthvað í kringum 330 manns félagsgjaldið sem var nú innheimt í fyrsta sinn. Fáeinir skráðu sig úr félaginu og færri en búast hefði mátt við. Til viðbótar eru smá tekjur af getraunaleik Vestra sem hefur gengið vel og um að gera að fá fleiri til að þátt. Þetta eru vel þegnar tekjur sem nýtast til að standa straum af sameiginlegum kostnaði, s.s. bókhaldskostnaði og rekstri á heimasíðu.

**KNATTSPYRNUHÚSIÐ**

Á aðalfundum Vestra hefur verið hefð fyrir því að formaður greini frá því hvernig mál standa varðandi fyrirhugað knattspyrnuhús enda stórt og mikið hagmunamál fyrir alla íþróttahreyfinguna. Er hér gripið niður í skýrslu stjórnar frá síðasta aðalfundi: „Formaður hugðist flytja nákvæmlega sama pistil og á síðasta aðalfundi um þetta málefni þar sem fátt verulega markvert hafði gerst síðasta ár. Pistillinn var svohljóðandi: Eitt mikilvægasta hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í Ísafjarðarbæ er og hefur verið bætt aðstaða knattspyrnumanna. Um nokkurt skeið hefur verið stefnt að byggingu

knattspyrnuhúss sem mun gjörbreyta aðstöðu knattspyrnumanna til hins betra. [...] Um hið væntanlega hús væri hægt að fjalla um í löngu máli og sýnist sitt hverjum. Hvernig hús, hvaða stærð, hæð þess, staðsetning og kostnaður. Ekki er ástæða til að fjölyrða um það hér, heldur fagna því að nú hyllir í að löngu tímabær uppbygging hefjist á Torfnesi. Þannig hljóðaði pistill síðasta árs. Nú ber svo hinsvegar við, að hreyfing virðist komin á málið, þó ekkert sé naglfast. Í gær [3. júní 2020] fól bæjarráð bæjarstjóra að skrifa undir viljayfirlýsingu við fyrirtæki um byggingu knattspyrnuhúss. Því ber sannarlega að fagna sem stórum áfanga í langri sögu. Um það hvort nú sé virkilega rétti tíminn til slíkra framkvæmda segi ég aðeins, að furðulegt nokk virðist stundum aldrei vera rétti tíminn til tiltekinna framkvæmda. Hvað sem tíminn leiðir í ljós kýs ég að treysta kjörnum bæjarfulltrúum bæði fyrir fjárhag og framkvæmdum Ísafjarðarbæjar." Þannig hljóðaði pistill fyrrverandi formanns á síðasta aðalfundi og það er skemmst frá því að segja að ekkert hefur gerst í þessu máli og ekki að sjá að knattspyrnuhúsið rísi á næstunni.

**AÐ LOKUM**

Covid-árið 2020 skráði sig á spjöld sögunnar með afgerandi hætti og fyrirfram hefðu fáir trúað því að hægt yrði að setja heilu þjóðfélögin í „lockdown". Íslendingar hafa sloppið betur en margar aðrar þjóðir en hafa engu að síður þurft að aðlaga lifnaðarhætti sína að ströngum skilyrðum um sóttvarnir og þeim takmörkum sem sett hafa verið á mannleg samskipti. Eðlilega hefur íþróttahreyfingin haft áhyggjur af því að missa tengslin við fólkið sitt en sem betur fer sýnist mér það ekki vera raunin, fólkið okkar er þarna enn, líkt og grasið sem kemur grænt undan snjónum á vorin. Það sem er hins vegar áhyggjuefni er framtíð sjálfboðaliðastarfs og það hefur ekkert með Covid að gera. Almennt eru menn á því að sífellt verði erfiðara að fá fólk til að taka þátt í félagsstarfi og jafnvel vandkvæðum bundið að fá foreldra iðkenda til að leggja sitt af mörkum til að hægt sé að halda úti íþróttastarfi fyrir börn, sem verður ekki gert nema með sjálfboðavinnu. Ég ætla að ljúka þessari yfirferð á því að þakka öllum styrktaraðilum og stuðningsmönnum Vestra fyrir standa með og styðja félagið sitt í gegnum brimsjói síðasta starfsárs. Umfram allt ber þó að þakka og hrósa forráðamönnum deildanna fyrir ótrúlega elju, útsjónarsemi og þá gríðarlega vinnu sem menn hafa lagt á sig til að hægt væri að halda uppi íþróttastarfi við krefjandi og fordæmalausar aðstæður.

Áfram Vestri!

Fyrir hönd aðalstjórnar Vestra

Guðfinna Hreiðarsdóttir

# Körfuknattleiksdeild Vestra

## Starfsemi stjórnar

Á síðasta aðalfundi KKD. Vestra voru eftirtalin kjörin í stjórn. Ingólfur Þorleifsson var kjörinn formaður. Ingi Björn Guðnason, og Harpa Guðmundsdóttir sem aðalmenn til tveggja ára. Fyrir voru til eins árs þær Birna Lárusdóttir og Helga Salóme Ingimarsdóttir. Til vara voru kjörnir Baldur Smári Einarsson, Jóhann Bæring Gunnarsson og Stígur Berg Sophusson.

Á fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum og var Harpa kjörin gjaldkeri og Ingi Björn ritari. Aðalstjórn fundaði eftir þörfum á tímabilinu. Mál voru einnig unnin í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta líkt og undanfarin ár. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla.

Nánast allt tímabilið hefur verið litað af sóttvarnaraðgerðum. Þrisvar hefur þurft að gera hlé á allri starfsemi deildarinnar með öllum þeim óþægindum sem það hefur í för með sér. Lítið hefur verið hægt að fara í okkar helstu fjáraflanir á árinu og hefur pappírssala nánast alveg farið fram á facebook. Það hefur gengið ágætlega. Stærsta fjáröflun deildarinnar Körfuboltabúðir Vestra fellur niður annað árið í röð vegna Covid 19. Stjórn búðanna ákvað eftir yfirlegu að ekki væri forsvaranlegt að leggja í undirbúning í því óvissuástandi sem uppi er. Sú ákvörðun var erfið og hefur mikil áhrif á tekjuöflun bæði aðalstjórnar og BUR.

Helstu fjáraflanir ársins voru  líkt og áður vinna vegna samstarfssamnings Ísafjarðarbæjar við HSV vegna 17. júní hátíðarhalda og flugeldahreinsun. Klósettpappírsala. Vinna við árshátíð Ísafjarðarbæjar og fleiri smærri fjáraflanir.

Fulltrúi stjórnar mætti á formannafundi á vegum KKÍ á tímabilinu. Þeir voru nokkrir á meðan allt íþróttastarf var stopp. Í mars var svo ársþing KKÍ haldið rafrænt og átti Vestri þar 5 fulltrúa.

## Meistaraflokkur karla 2020-21

Leikmannahópur meistaraflokks taldi að jafnaði 10-12 leikmenn. Liðið æfði eins og áður á Torfnesi og í Bolungavík.

Pétur Már Sigurðsson er þjálfari liðsins og Ingibjörg Elín Magnúsdóttir sá um styrktarþjálfun á tímabilinu.

Það má með sanni segja að tímabilið hafi verið viðburðaríkt, aðallega vegna sóttvarnaraðgerða. þurft hefur að gera hlé á því þrisvar sinnum með æfinga og keppnisbanni. Það er ekki auðvellt fyrir leikmenn að þurfa að taka þrjú undirbúningstímabil á einum vetri. En leikmenn hafa staðið sig með sóma í þessum aðstæðum.

Nú þegar þetta er skrifað hefur liðið lokið keppni í 1. deild karla. Liðiðendaði í fjórða sæti og tryggði sér heimaleikjarétt, vann 9 leiki og tapaði 7. Framundan er úrslitakeppni 1. deildar karla þar sem  liðið mætir Fjölni úr Grafarvogi.

Bikarkeppni KKÍ var blásin af eftir síðasta keppnisbann og verður hugsanlega leikin í haust.

Eftirtaldir eru í meistaraflokkshópnum á tímabilinu 2020-21.

Blessed Parilla Bakvörður

Friðrik Heiðar Vignisson Framherji

Arnar Smári Bjarnason Bakvörður

Hilmir Hallgrímsson Bakvörður á venslasamningi frá Stjörnunni.

Hugi Hallgrímsson Framherji á venslasamningi frá Stjörnunni.

Þorleifur Hallbjörn Ingólfsson Bakvörður

James Parilla Bakvörður

Arnaldur Grímsson framherji

Marko Dimitrovic Framherji/miðherji

Ken-Jah Bosley Bakvörður

Gabriel Adersteg framherji

Nemanja Knezevic  Miðherji

Leikmönnum og þjálfurum eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag á árinu.

# Meistaraflokkur Kvenna 2020-2021

Á þessu tímabili var aftur teflt fram meistaraflokki kvenna eftir nokkurra ára hlé.

Pétur Már Sigurðsson er þjálfari liðsins og Ingibjörg Elín Magnúsdóttir sá um styrktarþjálfun á tímabilinu.

Liðið er samansett af uppöldum heimastúlkum og einum atvinnumanni frá Ameriku. Einnig fengum við þrjár stelpur á vanslasamningi til að styrkja hópinn. Það hefur verið gaman að sjá stelpurnar vaxa jafnt og þétt á tímabilinu. Sú reynsla sem þær eru að fá í vetur mun án vafa skila sér á næstu árum. Liðið átti að spila þrefalda umferð í 1. deild kvenna. En vegna langs æfinga og keppnisbanns í haust var ein umferð tekin af. Þar fór einn sigurleikur af liðinu sem hafði unnið Tindastól á útivelli. Annar sigurleikurinn kom svo á heimavelli gegn Hamri-Þór. Liðið hefur leikið 15 leiki, unnið 1 og tapað 15. Liðið hefur á köflum sýnt að þrátt fyrir ungan aldur leikmanna á það á fullt erindi í deildarkeppni í meistaraflokki.

Þá er ljóst að þær fá það erfiða verkefni að leika við deildarmeistara Njarðvíkur í fyrstu umferð úrslitakeppni 1. deildar.

Leikmannahópurinn er 12-15 leikmenn. Æft var á Torfnesi og í Bolungavík.

Eftirtaldar eru í leikmannahópi mfl kvenna á tímabilinu.

Sara Emily Newman bakvörður

Stefanía Silfá Sigurðardóttir bakvörður

Gréta Hjaltadóttir bakvörður

Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir bakvörður

Hera Magnea Kristjánsdóttir miðherji

Snæfríður Lilly Árnadóttir framherji

Katla María Magdalena Sæmundsdóttir bakvörður

Ivana Yordanova bakvörður

Linda Marín Kristjánsdóttir bakvörður

Sædís Mjöll Steinþórsdóttir bakvörður

Sigrún Camilla Halldórsdóttir bakvörður

Olivia Janelle Crawford bakvörður

Arna Hrönn Ámundadóttir bakvörður á venslasamningi frá Skallagrím

Helena Haraldsdóttir miðherji á venslasamningi frá KR

Heiður Hallgrímsdóttir framherji á venslasamningi frá Haukum

Leikmönnum og þjálfurum eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag á árinu.

## Að lokum

Eins og fram hefur komið hefur þetta ár verið ansi krefjandi á margan hátt. Að halda úti íþróttaliðum í þessu covid ástandi er ekki auðvellt eða skemmtilegt verkefni. Ég verð þó að segja að allir sem að þessu koma hafa tekið þessu með ótrúlegu jafnaðargeði. Núna þegar sér fyrir endan á þessu þá er ekkert annað en að setja þetta í reynslubankann. Framundan eru úrslitakeppnir hjá báðum meistaraflokkum og verður gaman að sjá hvernig þar tekst til.

Það er ljóst að svona starfsemi eins og okkar gengur ekki án sjálfboðaliðanns. Undanfarin ár er eins og fólk sé í minna mæli að gefa sig að sjálfboðastörfum. Það á því miður líka við um starfið okkar. Það er margt sem við þurfum að keppa við í nútíma samfélagi. Ég vill hvetja fólk til að taka þátt í starfi deildarinnar, hvetja börnin sín áfram og stuðla að því að þau vaxi og dafni í starfinu. Það er marg sannað að launin eru gríðarleg þegar upp er staðið.

Að lokum vil ég þakka okkar styrktaraðilum fyrir þeirra framlag. Við erum heppin að eiga marga góða og öfluga aðila sem koma að því að halda hjólunum gangandi. Öllum stuðningsmönnum eru sömuleiðis færðar þakkir fyrir stuðninginn. Svo vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu á síðasta starfsári og hafa ekki fengið þakkir nú þegar fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Fyrir hönd stjórnar kkd. Vestra

Ingólfur Þorleifsson, formaður

# Yngri flokkar kkd. Vestra

Stjórn Barna- og unglingaráðs kkd. Vestra (BUR) tók breytingum í lok síðasta starfsárs. Helsta breytingin var sú að Birna Lárusdóttir formaður ráðsins yfirgaf BUR og hélt á önnur mið. Það má með sanni segja að Birna hafi skilið eftir sig stórt skarð. Birnu eru færðar innilegar þakkir fyrir hennar ómetanlega starf í þágu barna- og unglingastarfs kkd. Vestra, og áður KFÍ.

Stjórn BUR fyrir líðandi tímabil skipuðu Þórir Guðmundsson, formaður, Guðfinna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri, Pálína Jóhansdóttir, ritari, Heiðrún Tryggvadóttir, Halldór Karl Valsson, Dagný Finnbjörnsdóttir, Kristinn Ísak Arnarsson, Arna Ýr Kristinsdóttir, Hörður Snorrason, Lilja Debóra Ólafsdóttir og Ester Sturludóttir. Lilja og Ester þurftu að segja sig frá störfum BUR vegna persónulegra ástæðna á miðju tímabili. Lína Tryggvadóttir, Magdalena Margrét Sigurðardóttir og Hjördís Ósk Harðardóttir komu inn í BUR á miðju tímabili.

Fyrir liggur að enn meiri breytingar munu verða á stjórn BUR þar sem undirritaður hefur sagt af sér sem formaður vegna persónulegra anna.

## Æfingahópar yngri flokka kkd. Vestra

Tímabilið hófst með bjartsýnina að leiðarljósi. Við vorum með 10 æfingahópa skráða til leiks í byrjun og um áramót bættist Krílakarfan við. Mjög mikil aukning hefur verið á æfingum í vetur. Það hefur verið stígandi í nær öllum hópunum okkar og þá sérstaklega hjá stúlkunum, sem eru frábær tíðindi. Til gamans má geta þess að í byrjun tímabils var haldinn foreldrafundur í 9. – 10. flokki drengja þar sem rætt var hvort senda ætti lið til keppni þar sem iðkendur voru mjög fáir. Ákveðið var að senda lið til keppni og í dag eru 12 drengir í þeim hópi. Samtal hófst einnig við forsvarsmenn íþróttarfélagsins Harðar á Patreksfirði um mögulega sameiningu einhverra æfingahópa, en mjög fáir iðkendur eru þó hjá þeim. Það samtal datt þó allt uppfyrir vegna Covid-19 og samkomutakmarkana og æfingabanns sem tóku gildi á miðju tímabili.

**Eftirfarandi æfingahópar voru í vetur:**

- Krílakarfan (f. 2015-2016), þjálfari var Dagbjört Jóhannsdóttir og æfðu þau einu sinni í viku.
- 1.-2. bekkur drengir (f. 2013-2014), þjálfari var Krzyzstof Duda og æfðu þeir tvisvar sinnum í viku.
- 1.-2. bekkur stúlkur (f. 2013-2014), þjálfari var Krzyzstof Duda og æfðu þær tvisvar sinnum í viku.
- 3.-4. bekkur stúlkur (f. 2011-2012), þjálfari var Ivana Yordanova og æfðu þær tvisvar sinnum í viku.
- 3.-4. bekkur drengir (f. 2011-2012), þjálfari var Egill Fjölnisson og æfðu þeir tvisvar sinnum í viku.
- Minnibolti drengja (f. 2009-2010), þjálfari var Gabriel Adersteg og æfðu þeir þrisvar sinnum í viku. Friðrik Heiðar Vignisson kom inn sem aðstoðarþjálfari í þennan hóp.

- Minnibolti stúlkna (f. 2009-2010), þjálfari var Gunnlaugur Gunnlaugsson og æfðu þær þrisvar sinnum í viku. Katla Magdalena Sæmundsdóttir var aðstoðarþjálfari hópsins.
- 7. flokkur stúlkna (f. 2008), þjálfari var Gunnlaugur Gunnlaugsson og æfðu þær fjórum sinnum í viku. Katla Magdalena Sæmundsdóttir var aðstoðarþjálfari hópsins.
- 7. – 8. flokkur drengja (f. 2007-2008), þjálfari var Nemanja Knezevic og æfðu þeir fjórum sinnum í viku.
- 8. – 10. flokkur stúlkna (f. 2005-2007), þjálfari var Olivia Crawford og æfðu þær fjórum sinnum í viku.
- 9. – 10. flokkur drengja (f. 2005-2006), þjálfari var Gabriel Adersteg og æfðu þeir fjórum sinnum í viku.

Sex hópar fóru til keppni á Íslandsmóti. Fyrirkomulag þess var mjög skrýtið vegna Covid-19 og óvissu í margar vikur um hvenær tímabilið gæti hafist aftur eftir æfingabann og hertar samkomutakmarkanir. Helgina 19. – 20. september héldum við fjölliðamót í 9. flokki stúlkna í Bolungarvík. Á laugardeginum greindust yfir 80 manns með Covid-19 á landinu og þurftum við því skyndilega að vísa öllum áhorfendum úr húsinu vegna áhorfendabanns. Það bann var svo við líði allt þar til í lok tímabilsins. Við fengum úthlutað fjölliðamóti í flokki minnibolta stúlkna. 32 lið voru skráð til keppni og átti mótið að fara fram í lok september. Mótið var blásið af fimmtudaginn 24. september vegna mikilla Covid-19 samfélagssmita. Við höfðum lagt gríðarlega vinnu í skipulag mótsins og mótað skipulag til að mótið gæti farið fram þrátt fyrir miklar kvaðir frá KKÍ vegna Covid-19. Við vorum sammála þeirri niðurstöðu að skynsamlegast var að blása mótið af.

Við héldum einnig fjölliðamót í 7. - 8. flokki drengja og var það spilað á Torfnesi á Ísafirði. Við höfðum fengið fleiri mótum úthlutað í öðrum flokkum en vegna mjög sérstaks tíma sem við lifum á var þeim aflýst vegna æfinga- og keppnisbanns sem sett var á.

Ekkert mót var haldið fyrir iðkendur í fyrstu fjórum bekkjum grunnskólans. Stærsta móti þessa aldurshóps, Nettó-mótinu, var blásið af vegna Covid-19 ásamt öllu öðru sem hafði verið planað.

Miklar takmarkanir voru á löngu tímabili í vetur. M.a. var óheimilt að blanda æfingahópum saman og gerði það að verkum að ekki var hægt að halda innanfélagsmót. Það horfir til betri tíma og mun það fyrsta vera haldið 17. maí n.k.

Eins og má sjá á því sem hefur þegar komið fram er augljóst að Covid-19, með öllum meðfylgjandi leiðindum, hefur haft gríðarleg áhrif á keppni og æfingar. Í raun er það magnað að allir hópar hjá okkur hafi stækkað, fyrir utan yngstu tvo hópana í grunnskóla, en þeir hafa staðið í stað.

## Íþróttaskóli HSV

Aðkoma kkd. Vestra að íþróttaskóla HSV var nánast engin á síðasta starfsári. Okkur reyndist mjög erfitt að fá þjálfara til að þjálfa æfingar í skólanum. Okkar skoðun hefur verið

sú að grunnhugmyndafræði skólans sé mjög jákvæð og góð. Við sendum yfirlýsingu til stjórnar HSV og framkvæmdastjóra þess efnis að við ákváðum að slíta samtarfi við íþróttaskóla HSV. Ástæðan var sú að okkur hefur þótt mikið vanta upp á gæði skólans og starfsemi hans. Ekkert hefur verið unnið eftir stefnu eða markmiðum, þó að meginmarkmið skólans sé að allir fái að kynnast öllum íþróttum. Við kölluðum eftir endurskoðun á starfsemi skólans og vonum að tillaga sem liggur fyrir ársþingi HSV um skipan starfshóps til að fjalla um framtíð skólans, verði samþykkt. Það er öllum til hagsbóta að gera skólann markvissan þannig að hann virki. Einnig þarf að meta hvort þessi hugmyndafræði sé raunverulega að virka. Það er okkar mat að með því fyrirkomulagi sem er í dag sé hann ekki að virka. Þó vil ég taka fram að ég hef heyrt að mikil breyting hafi orðið á skólanum á þessu ári, til hins betra. Meira agastjórnun og verið að vinna eftir áætlun. Við munum koma aftur inn í samstarfið ef við teljum að starfsemi skólans skili tilætluðum árangri.

## Æfingaaðstaða

Yngri flokkar kkd. Vestra hafa æft í þremur íþróttahúsum. Torfnesi á Ísafirði, Austurvegi á Ísafirði og í Bolungarvík. Vilji var til að hefja einhverjar æfingar á Þingeyri en vegna Covid-19 duttu öll þannig plön upp fyrir. Vilji er til að endurskoða það fyrir næsta tímabil. Einnig er hægt að stunda æfingar á Suðureyri og Flateyri og sjáum við fyrir okkur að gera það að einhverju leiti á næstu árum. Mikil endurnýjun hefur átt sér stað í íþróttahúsinu á Þingeyri og sjáum við fyrir okkur að geta haldið mót í því húsi.

Aðstaða til körfuboltaiðkunar utandyra er til skammar, annars staðar en í Bolungarvík. Mjög brýnt er að við leggjum áherslu á að nýr körfuboltavöllur verði gerður á Ísafirði, en völlurinn við Torfnes er úr sér genginn og vart nothæfur. Einnig er hann fyrir fótboltavellinum þar sem nýjar reglur kveða á um að loka þurfi svæði í kringum völlinn og þarf því alltaf að loka körfuboltavellinum á meðan fótboltaleikir eru. Einnig er mjög mikilvægt að bæta aðstöðu til körfuboltaiðkunar utandyra í minni byggðarkjörnum svæðisins. Það hefur sýnt sig á tímum Covid-19 hversu mikilvægt er að hafa góða aðstöðu utandyra til iðkunar á körfubolta.

## Covid-19

Eðlilega hafði Covid-19 mjög mikil áhrif á starfsemi kkd. Vestra eins og áður hefur komið fram. Sökum þess hefur innanfélagsmót ekki enn verið haldið. Flestir hópar hafa fengið mun minna af leikjum/keppnum á Íslandsmótum og bikarkeppnum en gert var ráð fyrir í upphafi tímabils. Það er mín von að staðan muni breytast fyrir næsta ár og að við getum starfað óáreitt. Það er óyggjandi staðreynd að þetta ástand hefur haft gríðarlega mikil áhrif á iðkendur okkar. Mjög mikilvægt er að iðkendur fái fljótlega aftur að kynnast óáreittu starfi og keppni.

## Fjáraflanir og styrkir

BUR hefur undanfarin ár mannað sjoppu á heimaleikjum meistaraflokks. S.l. tímabil var sérstakt og var áhorfendabann í gildi nánast allt tímabilið þegar mátti keppa. Þegar áhorfendabannið var tekið af þá hefur veitingasala verið óheimil svo engar tekjur hafa komið inn til BUR úr þessari fjáröflun.

Farið var í sölu á grænmeti. Sú sala lukkaðist vel og fengu þeir iðkendur sem tóku þátt pening í ferðasjóð sinn. Einnig voru seld egg sem gaf mjög góða raun. Sama fyrirkomulag var með þá fjáröflun. Aðrar fjáraflanir sem runnu í ferðsjóð komust ekki í framkvæmd, þá aðallega vegna Covid-19. Ferðasjóður ÍSÍ kom einnig með framlag í ferðasjóð iðkendanna. BUR niðurgreiddi hverja ferð um 5.000 kr fyrir hvern iðkanda. Það framlag lækkaði úr 6.000 kr frá árinu áður, vegna bágrar fjárhagsstöðu.

Körfuboltabúðir Vestra voru ekki á dagskrá á síðasta ári líkt og stóð til. Vegna samkomutakmarkana og ástandsins í þjóðfélaginu var þeim fyrst frestað frá júní fram í ágúst en í lok júlí voru þær blásnar af vegna hertra samkomutakmarkana. Körfuboltabúðirnar hafa verið langstærsta fjáröflun deildarinnar s.l. ár og var því stórt skarð höggvið í rekstur deildarinnar.

Stjórn BUR gerði ýmislegt til að auka tekjur sínar og reyna þannig að koma í veg fyrir að hækka þyrfti æfingagjöld. Við seldum andlitsgrímur frá HENSON sem voru merktar Vestra. Það gerðum við í samstarfi við aðalstjórn kkd. Vestra. Salan gekk mjög vel og seldust yfir 600 grímur. Við seldum einnig náttföt, kósýbuxur og hettupeysur frá Henson sem voru merktar Vestra. Hettupeysurnar voru einnig merktar *körfubolti* til aðgreiningar frá öðrum deildum Vestra. Við seldum einnig kaffi og rafhlöður sem rann beint inn í rekstur BUR.

Við höfum reglulega sótt víða um styrki. Íþróttasjóður og styrktarsjóður UMFÍ eru sjóðir sem við höfum reglulega fengið úthlutað úr. Við fengum styrk frá 3x Technology til búnaðarkaupa. Einnig fengum við styrk frá Orkubúi Vestfjarða til búnaðarkaupa. Við fengum styrki úr ýmsum öðrum áttum. Við erum gríðarlega þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum fundið fyrir.

## Að lokum

Þá er erfiðu rekstrartímabili að ljúka. Þrátt fyrir ástandið og allar þær takmarkanir sem voru tel ég að við höfum unnið vel úr stöðunni sem kom oft upp. Við fundum lausnir við vandamálunum og kunnum þjálfurum okkar bestu þakkir fyrir þeirra framlag til að láta þetta allt ganga upp, sem var ekki einfalt. Það er vert að taka það fram að öll sú vinna var undir styrkri leiðsögn Dagnýjar Finnbjörnsdóttur, starfsmanns BUR, sem leysti vel úr þeim aðstæðum sem upp komu.

Það er ástæða til að horfa björtum augum fram á veginn. Þrátt fyrir að búið sé að taka ákvörðun um að körfuboltabúðir Vestra verði ekki haldnar þetta árið er mín trú að ástandið í samfélaginu sé að færast í betra horf og muni næsta leiktímabil vera fullt af keppni og gleði.

Fyrir hönd barna- og unglingaráðs vill ég þakka öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og styrktaraðilum innilega fyrir samstarfið á því tímabili sem er að líða og vona ég að við getum haldið áfram með frábært starf á næsta tímabili.

Fyrir hönd barna- og unglingaráðs kkd. Vestra

Þórir Guðmundsson, formaður

# Blakdeild Vestra

**Ágætu félagar.**
Árið 2020 var trúlega enn eitt metárið hjá Blakdeild Vestra. Mikið var um að vera í yngri flokka starfi félagsins og hjá meistaraflokkum félagsins voru áskoranirnar stærri en nokkru sinni. Áskoranir vegna heimsfaraldurs Covid19, voru einnig verulegar og af alveg nýrri gerð.
Er því við hæfi að halda í þann góða sið að segja síðasta ár hafa verði það besta í sögu deildarinnar hingað til.

**Iðkendur**
Á síðasta ári urðu óverulegar breitingar á starfsemi félagsins og iðkendafjöldi í heildina nokkuð svipaður og árin á undan. Það verður þó að taka það fram í þessu samhengi að A-lið kvenna hvarf svotil alveg, þegar flest allir leikmenn liðsins héldu á brott í frekara nám.
Í vetur hefur blakdeildin haldið úti æfingum, á Suðureyri, Ísafirði og í Bolungarvík, sem er sama og veturinn á undan.
Stærstur hluti iðkenda, ungir sem aldnir, hafa verið hluti af okkar hóp í allnokkur ár og er sérstaklega ánægjulegt að sjá krakkana okkar yngja upp og efla meistaraflokksliðin.

**Þjálfaramál**
Um miðjan janúar 2016 kom Tihomir okkar Paunovski, Tiho, til starfa, meðan klúbburinn okkar hét ennþá Blakfélagið Skellur. Undir hans handleiðslu komst á síðasta tímabili B-lið kvenna í toppbaráttuna í 1.deild og karlaliðið spilaði í úrvalsdeild. Auk þess sem árangur yngri flokka var með miklum ágætum. Engu að síður skildu leiðir síðasta sumar, þegar ákveðið var að tími væri kominn á breytingar.
Í haust tók því til starfa nýr þjálfari, sem var reyndar búinn að gera sig kunnuglegann í félagsskapnum. Juan Escalano Rojas, leikmaður Mizuno-liðs Vestra, tók við keflinu og hefur skilað mjög góðu starfi þetta tímabilið. Vegna fjölgunar í fjölskyldunni kom Juan reyndar frekar seint til starfa, seinni hluta september, en fram að því leysti Hafsteinn Már hann af í þjálfuninni.
Vilji er til þess hjá núverandi stjórn að endurnýja samninginn við Juan og halda með því áfram á þeirri braut sem deildin hefur verið á.

**Meistaraflokkar**
A-kvennalið Vestra, sem keppti í 1.deild á síðasta tímabili, gerði sér lítið fyrir og lauk Íslandsmótinu veturinn 2019-20 í öðru sæti. Að öllu eðlilegu hefði liðið því keppt í úrslitakeppni deildarinnar, en Covid sá svo um að úr því varð ekki. Reyndar náði liðið ekki að klára að spila alla deildarleikina áður en þjóðfélaginu var skellt í lás, en það átti eftir einn heimaleik sem þó hefði ekki getað haft áhrif á stöðu liðsins í deildinni. Eins og áður sagði hvarf þetta lið svo til alveg, þegar nánast allir leikmenn þess héldu á braut í nám.

B-kvennaliðið Vestra keppti í 5. Deild, sem er næst neðsta deild Íslandsmóts kvenna. Það lið samanstendur af reynslumiklum blökurum. Þessi deild er spiluð í túnneringum

og eru þá þrjár yfir tímabilið. Fyrrnefnt Covid kom í veg fyrir síðasta mótið, sem átti að fara fram á Ísafirði. Tímabilinu lauk því eftir aðeins 9ju leiki og voru þá okkar konur í 7 sæti af 10 í deildinni.
Ekkert varð svo af mótahaldi í deildinni í haust, vegna Covid og reyndar fór þessi vetur þannig að engir leikir voru spilaðir í neðri deildum Íslandsmótsins í blaki.

Á síðasta tímabili spilaði karlaliðið í fyrsta skipti í úrvalsdeildinni í blaki, Mizuno-deildinni. Leikmannahópurinn er trúlega einn sá minnsti í deildinni, en í grunninn er hópurinn 8 leikmenn þetta tímabilið, þar af eru fjórir þeirra spánverjar sem við lokkuðum til okkar. Heildar hópurinn er samt töluvert stærri og stór hópur ungra stráka eru farnir að máta sig við Mizunoliðið.
Covid hafði einnig áhrif á karlaliðið, þar sem ekki náðist að klára alla leikina sem settir voru í deildinni. Vestri lauk sínu fyrsta ári í úrvalsdeild í neðsta sæti, en náði þó þeim árangri að vinna tvo leiki og í heildina 14 hrinum á móti 40 hrinum töpuðum. Þess má jafnframt geta að einn leikmaður úr Vestra komst í lið ársins í Mizuno, Mateus Klóska. Nýtt tímabil hófst svo um mánaðarmótin sept-okt hjá liðinu með nýjum þjálfara. Tímabilið hófst með látum hjá okkar mönnum, þegar liðið tók á móti ríkjandi meisturum og lagði þá 3-1 Allt stendi því í áhugavert tímabil. Það fór svo reyndar þannig að þetta var eini leikurinn sem Vestra liðin í blaki spiluðu í haust, en ný bylgja Covid skellti öllu í lás enn og aftur.

**Öldungaflokkar**
Af öldungablaki eru litlar fréttir, en öldungamóti BLI, sem vera átti í Vestmanneyjum í maí 2020 var aflýst vegna Covid. Konurnar hafa engu að síður staðið áfram vaktina með æfingum í kvennaliðinu. Karlahópurinn er hinsvegar einhvað farinn að þynnast þar sem einhver feimni er í mönnum að mæta á æfingar með úrvalsdeildarliði og nauðsynlegt er að finna einhverja leið út úr þeirri þróun.

**Yngri flokkar**
Það má alveg segja að Covid hafi farið sérstaklega ílla með yngri iðkendur og yngri-flokkamótin. Á árinu 2020 sendi Vestri bara yngriflokkalið á eitt blakmót. Það var bikarmót sem haldið var í Kópavogi helgina 8-9 febrúar. Fá Vestra fóru 7 leikmenn úr 4. Flokki og gekk þeim ágætlega, unnu nokkra leiki og töpuðu nokkrum. Allt starf U-landsliðana var í lágmarki og ekkert frá að segja. Því miður.

**Fjárhagur og fjáraflanir**
Fjárhagur félagsins hefur í aðalatriðum verið ásættanlegur undanfarin ár en hefur verið nokkuð sveiflukenndur. Árið 2019 var til að mynda erfitt fjárhagslega en síðasta ár slapp reksturinn réttu megin við núllið. Ferðakostnaður keppnisliða er vaxandi viðfangsefni auk hækkandi húsnæðiskostnaðar vegna innfluttra leikmanna. Áfram þarf að efla tekjustofna félagsins á komandi misserum og er mjög mikilvægt að ná fleiri styrktarsamningum við fyrirtæki til að auðvelda reksturinn.
Fjáraflanir hafa til þessa verið nokkuð hefðbundnar, en vissulega hefur verið erfiðara að ganga í hús hjá íbúum, vegna sóttvarna. Selt hefur verið kjöt og fiskur svo einhvað sé nefnt. Þá hefur félagið tekið þátt í fjöruhreinsun í Skutulsfirði og einnig hreinsun á Eyrinni í Skutulsfirði.

Vegna Covid féllu hinsvegar út nokkuð mikilvægar fjáraflanir, en þannig hefur td gæsla í kringum Aldrei, oft skilað ágætum tekjum. Einnig féllu út mót sem halda átti hérna fyrir vestan, sem hafa skipt okkur talsverðu máli rekstrarlega.

**Strandblak**
Frá því að framkvæmdum lauk við strandblakvöllinn í Tungudal, hefur verið hægur stígandi í iðkun strandblaks í Skutulsfirði.
Fram að þessu hefur ekki verið skipulagt starf í kringum strandblakið en engu að síður hafa félagsmenn nýtt sér sandinn og mætt á stöku stigamót í Íslandsmótaröðinni. Líkur eru á að félagið haldi úti einhverri starfsemi á völlunum í sumar, en áhugi er hjá tveimur af spænsku leikmönnunum okkar á að vera á landinu í sumar.

Ég vill þakka félagsmönnum fyrir undarlegt en jafnframt ágætt ár 2020 og horfi bjartsýnn fram á nýjar áskoranir á þessu ári. Ég trúi því að besta tímabil í sögu félagsskaparins sé rétt handan við hornið.

Fyrir hönd stjórnar bd. Vestra
Sigurður Hreinsson, formaður

# Knattspyrnudeild Vestra

## Meistaraflokksráð karla

**Í stjórn voru:** Samúel Samúelsson formaður

Hafþór Halldórsson varaform.

Ívar Pétursson gjaldkeri

Júlíus Ólafsson ritari

Veigar Guðbjörnsson meðstjórnandi

Jón Hálfdán Pétursson meðstjórnandi

Stjórnin fundaði 4x í mánuði yfir veturinn, alla þriðjudaga. En svo fjölgaði fundum í 4-6x í mánuði yfir sumarið. Félagið keppti í fimmta sinn undir merkjum Vestra í keppni á vegum KSÍ, félagið lék í Lengjudeildinni tímabilið 2020. Tímabilið einkenndist af miklum frestununum á Íslandsmótinu vegna Covid-19.

**Nóvember 2019 - Febrúar 2020:**

Bjarni Jóhannsson að byrja sitt þriðja tímabil sem þjálfari m.fl kk. Æfingar fóru fram á Ísafirði og Bolungarvík, en einnig æfði hluti af liðinu í Reykjavík hjá öðrum félögum. Félagið tók þátt í B-deild Fótbolta.net-mótsins og spilaði fjóra leiki, eitt jafntefli og þrjú töp. Heiðir Birnir Thorleifsson var ráðinn sem aðstoðarþjálfari til loka tímabils.

**Febrúar 2020 - apríl 2020:**

Liðið hóf keppni í Lengjubikarnum og spilaði fjóra leiki, vann tvo leiki og tapaði tveimur leikjum. Ekki voru spilaðir æfingaleikir né var farið í æfingaferð til Spánar vegna Covid-19.

**Maí 2020 – September 2020:**

Liðið spilaði 20 leiki í Lengjudeildinni, vann 8 leiki, gerði 5 jafntefli og tapaði 7 leikjum. Liðið endaði í 7.sæti Lengjudeildarinnar og tryggði sér þar með áframhaldandi veru í Lengjudeildinni. Liðið var einnig skráð til leiks í Mjólkurbikarinn og var slegið út í annarri umferð af Þrótti R.

**Október 2020 – Desember 2020:**

Bjarni Jóhannsson lét af störfum sem þjálfari liðsins. Heiðar Birnir Thorleifsson var ráðinn þjálfari mfl.kk í nóvember. Hluti liðsins æfir fyrir vestan þar sem að Heiðar Birnir sér um æfingarnar en leikmenn hópsins sem eru staðsettir í Reykjavík æfa með öðrum félögum.

**Leikmannahópur m.fl.kk Vestra 2020:**

Brenton Muhammad (1990)

Daniel Osafo-Badu (1987)

Daníel Agnar Ásgeirsson (1997)

Elmar Atli Garðarsson (1997)

Friðrik Þórir Hjaltason (1998)

Gabríel Hrannar Eyjólfsson (1999)

Gunnar Jónas Hauksson (1999)

Hammed Obafemi Lawal (1996)

Ignacio Gil Echevarria (1993)

Isaac Freitas Da Silva (1989)

Ivo Öjhage (1993)

Milos Ivankovic (1988)

Pétur Bjarnason (1997)

Rafael Jose Navarro Mendez (1996)

Ricardo Duran Barba (1989)

Robert Blakala (1994)

Sergine Modou Fall (1993)

Sigurður Grétar Benónýsson (1996)

Viðar Þór Sigurðsson (1996)

Viktor Júlíusson (1998)

Vladimir Tufegdzic (1991)

Zoran Plazonic (1989)

**Barna- og unglingaráð**

**knattspyrnudeildar Vestra árið 2020**

Í stjórn sátu Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg formaður, Aníta Ólafsdóttir gjaldkeri, Jenný Hólmsteinsdóttir ritari, Kristján Kristjánsson og Guðbjartur Jónsson. Árið 2020 var nokkuð óhefðbundið ár, eins og hjá flestum. Fljótlega á árinu fóru að berast upplýsingar um frestun móta víðsvegar um landið og að lokum tóku við Covid takmarkanir og æfingar fóru í pásu. Þegar fór að vora, sáum við fram á aðeins bjartari tíma og fóru krakkarnir okkar á sín helstu sumarmót, Orkumót, TM mót, N1 mót, Króksmót og Íslandsmót. Í júlí buðum við, í fyrsta skipti, upp á leikja- og fótboltaskóla fyrir yngstu krakkana okkar og var vel mætt. Þar var leikja og knattspyrnuþjálfun í 3klst á dag, fimm daga vikunar í hálfan mánuð og tókst vel til. Við sóttum um styrk hjá HSV til að halda slíkt námskeið aftur í sumar og fengum við velyrði fyrir því. Sumarið gekk vel og fengum við ágætis Covid"frí" ef svo má að orði komast. Haustið byrjaði hægt og fljótlega fórum við aftur í ýmsar takmarkanir vegna veirunnar og að lokum varð aftur úr æfinga"pása" vegna Covid. Þegar leikar hófust aftur, seinni part árs, eftir Covid takmarkanir sáum við sérlega óvænta, en jákvæða fjölgun iðkenda. Þessa fjölgun sjáum við nánast í öllum flokkum og má sem dæma nefna 30% fjölgun í 3. fl. kvenna. Þjálfarahópurinn okkar samanstendur af frábærum hóp reynslumikilla þjálfara og erum við virkilega vel stödd í þeim málum. Hér erum við með góðan kjarna sem hefur þjálfað lengi hjá félaginu, sem og annar staðar og fyrir það ber að þakka.

Áframhald varð á samstarfi Vestra og Harðar í 2.fl og mfl. Harðar. Verkefnið gengur ágætlega en helstu vandamál snúa að of fáum iðkendum til að halda úti báðum flokkum. Er það verkefni félaganna að leita betri leiða til að halda þessu gangandi. Einnig mætti vera betri tenging á milli 2.fl, mfl. Harðar og mfl. Vestra og er það ósk okkar að mfl. Vestra stígi meira inn í þetta verkefni.

Knattspyrnuskóli Vestra var ekki vegna Covid en vonumst við til að hann fari á fullt þegar við eru laus við þessa veiru og samkomutakmörkunum verður aflétt enn meira.

Fjárhagur barna og unglingastarfs hefur verið í jafnvægi undanfarin ár og engin breyting var árið 2020. Þjálfarakostnaður hefur hækkað ár frá ári með hækkandi launum og betri þjónustu. Æfingargjöld er heldur minni en árið á undan og er það vegna þess að ekki var rukkað fyrir æfingagjöld í covid stoppum.

Stjórn barna og unglingaráðs vill þakka öllum iðkendum, foreldrum, tengiliðum, þjálfurum, styrktaraðilum og öðrum velunnurum fyrir árið. Við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi.



**Starf yngri flokka á árinu 2020:**

**8. flokkur drengja og stúlkna**

8. flokkur er fyrir bæði kyn og er æft tvisvar í viku allt árið um kring á Ísafirði, einu sinni í viku í Bolungarvík á veturnar en tvisvar á sumrin. Þjálfari um veturinn var Halldór Jónbjörnsson, en um sumarið Kristján Daði Finnbjörnsson.

Ekkert var um mótahald hjá 8. flokki á síðasta tímabili vegna Covid-19

**7. flokkur drengja**

7. flokkur drengja æfði tvisvar í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Jón Hálfdán Pétursson.

Ekkert var um mótahald hjá 7.flokki drengja yfir veturinn vegna Covid-19. Um sumarið fór flokkurinn á Norðurálsmótið á Akranesi, en önnur mót fóru ekki fram vegna Covid-19

**7. flokkur stúlkna**

7. flokkur stúlkna æfði tvisvar í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Atli Freyr Rúnarsson. Flokkurinn fór á Símamótið í Kópavogi en öðrum mótum var aflýst vegna Covid-19.

**6. flokkur drengja**

6. flokkur drengja æfði 2-3 í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Daniel Osafu-Badu.

Flokkurinn fór ekki á mót um veturinn vegna Covid-19, en um sumarið var farið á Orkumótið í Vestmannaeyjum. Öðrum sumarmótum var aflýst.

**6. flokkur stúlkna**

6. flokkur stúlkna æfði 2-3 í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Atli Freyr Rúnarsson.

Flokkurinn fór á GeoSilica-mótið í Reykjanesbæ, Steinullarmótið á Sauðárkróki og Símamótið í Kópavogi. Öðru mótahaldi var aflýst.

**5. flokkur drengja**

5. flokkur drengja æfði 3-4 í viku um veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Jónas Leifur Sigursteinsson.

Flokkurinn fór á Njarðvíkurmótið í janúar, og um sumarið var hann á Íslandsmóti og á N1-mótið á Akureyri.

**5. flokkur stúlkna**

5. flokkur stúlkna æfði 3-4 í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Atli Freyr Rúnarsson.

Flokkurinn fór á TM-mótið í Eyjum og Símamótið í Kópavogi

**4. flokkur drengja**

4. flokkur drengja æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Daniel Osafu-Badu.

Um veturinn tók flokkurinn þátt í Stefnumóti KA. Um sumarið tók flokkurinn þátt í REY-Cup og C-riðli Íslandsmótsins.

**4. flokkur stúlkna**

4. flokkur stúlkna æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Sigþór Snorrason.

Um veturinn tók liðið þátt í Stefnumóti KA. Um sumarið tók flokkurinn þátt í REY-Cup.

**3. flokkur stúlkna**

3. flokkur stúlkna æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Jón Hálfdán Pétursson

Flokkurinn tók þátt í Stefnumóti KA um veturinn. Um sumarið tók flokkurinn þátt í B-riðli Íslandsmótsins og REY-Cup.

**2. flokkur drengja**

2. flokkur drengja æfði með meistaraflokk Vestra og Harðar yfir veturinn og æfði svo 2-3 yfir sumarið með meistaraflokki Vestra og meistaraflokki Harðar Um sumarið spiluðu strákarnir í meistaraflokki Harðar og í C-deild Íslandsmótsins.

Þjálfari flokksins var Jónas Leifur Sigursteinsson og Kristján Daði Finnbjörnsson

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg

formaður barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Vestra

## Hjólreiðadeild Vestra

Á síðasta aðalfundi hjólreiðadeildar Vestra voru eftirtalin kjörin í stjórn: Heiða Jónsdóttir formaður, Kristján Jónsson gjaldkeri og Viðar Kristinsson ritari voru kosnir í aðalstjórn, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Elvar Ari Hagalínsson voru kosin varamenn. Þeir sem gengu úr stjórn voru Þórdís Sif Sigurðardóttir formaður og Georg Haney varamaður.

Snjóþungur vetur gerði það að verkum að hjólatímabilið byrjaði heldur seint en þrátt fyrir það var töluverð fjölgun á ungum sem öldnum félagsmönnum. Samkomutakmarkanir gerðu uppbyggingu á félagsstarfinu erfitt fyrir þar sem flókið var að skipuleggja æfingar og samhjól á þessum tíma.

### Félagsstarf

Stjórn lagði mikla áherslu á uppbyggingu félagsstarfs. Haldin voru sumarnámskeið í samstarfi við HSV og götuhjólanámskeiði fyrir fullorðna. Samhjól voru haldin fyrir, götuhjólreiðar, fjallahjólara, malarhjólara og smærri hjólara. Viðar Kristinsson, Snorri Einarsson og Anna María Daníelsdóttir báru hitann og þungan af námskeiðum og samhjólum síðasta sumar. Stjórn þakkar þeim fyrir gott og gjöfult starf.

### Mótahald

Hjólreiðadeild hélt vel heppnað Ungdurómót fyrir börn og unglinga. Mótið var merkilega vel sótt þrátt fyrir Covid og veðurofsa dagana fyrir mót. Ungduró mótið var mikil innspýting fyrir hjólasamfélagið, aukinn kraftur fór í uppbyggingu á hjólaleiðum og áhugi barna og unglinga fyrir hjólreiðum jóks í bænum. Að mati stjórnar hjólreiðadeildar Vestra liggja mikil tækifæri í því að standa enn betur að þessu móti í framtíðinni.

Enduró Ísafjörður var blásið af vegna samkomutakmarkana. Um 100 manns voru skráðir á mótið og munum við koma sterk á þessu ári.

### Keppnir

Hjólreiðadeild var með öfluga liðsmenn innanborðs sem skiluðu félaginu Íslands- og bikarmeistaratitlum.

María Ögn hóf keppni fyrir hönd Vestra árið 2020. María Ögn tryggði hjólreiðadeild Vestra sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil á Íslandsmeistaramóti í Cyclocross. María sigraði Morgunblaðsmótið og Íslandsmótið í XCO sem skilaði Vestri öðrum Íslandsmeistaratitli. Hafsteinn Ægir Geirsson,eða Haffi sæti keppti undir merkjum Vestra í sumar. Hann sá að mestu um að halda Vestri í efstu sætum í hörðustu hjólakeppnum landsins. Hafsteinn gerði sér lítið fyrir að verða Íslandsmeistari í götuhjólreiðum og bikarmeistari í fjallahjólreiðum.

Mörg mót voru felld niður þetta sumar vegna samkomutakmarkana en Vestrafólk fjölmennti í Kia Gull-hringinn í byrjun júlí og átti Vestri fimm þátttakendur sem stóðu sig virkilega vel.

**Efnilegasta hjólafólk Vestra**
Embla Kleópatra Atladóttir og Grétar Smári Samúelsson voru kosin efnilegasta hjólreiðafólk Vestra

Embla Kleópatra Atladóttir er 15 ára hjólari sem hefur vaxið í sportinu síðastliðin tvö ár. Hún hjólar allar leiðir sem eru í boði hér á svæðinu og lætur sig hafa það að hjóla með gamlingjum því hér eru fáir unglingar sem eru að stunda hjólareiðar. Einnig hefur hún hjólað víða fyrir sunnan. Hún hefur tekið þátt í uppbyggingu brauta á svæðinu og keppt í mótum hér á svæðinu. Embla tók þátt í Ungduró móti Vestra þar sem keppendur af öllu landinu komu og tóku þátt. Embla varð 2 í kvennaflokki.

Grétar Smári Samúelsson er efnilegur á hjólinu samhliða stífum gönguskíðaæfingum. Hann hefur verið duglegur að hvetja vini sína til að hjóla upp skíðaveginn og hjóla niður tæknilegri leiðir. Þessar æfingar skiluðu honum 4. sæti í sínum flokk á Ungdruómóti Vestra.

**Uppbygging aðstöðu**

Hjólreiðadeild Vestra fékk styrk frá uppbyggingarsjóði Ísafjarðarbæjar fyrir hjólapumpubraut á lóð við bæjarins við Grænagarð. Stjórn lagði mikla vinnu og orku í að fá formlegan afnotarétt af lóðinni frá bænum  sem hefur ekki skilað sér. Stjórn er komin með drög að teikningu af hjólapumpubraut frá Velosolution en hefur ekki farið í að rýna hana frekar þar sem afnotaréttur af lóðinni er ekki frágenginn né uppbyggingar samningurinn frá Ísafjarðarbæ. Það er spurning hvað verður um þessa uppbyggingu þar sem Ísafjarðarbær hefur tekið ákvörðun um að veita ekki uppbyggingarsamninga til íþróttafélaga 2021.

Hjólreiðadeild Vestra fékk 4,5 mkr. merikinga styrk frá Uppbyggingarsjóð ferðamannastaða. Í styrknum fólst að koma upp kort af leiðum, merkja á upphaf og enda leiða, stika leiðir og koma upp hættumerkingum á leiðum. Vinnan er komin vel á veg en er ekki búin. Sótt var um framlengingu á verkefninu og verður það klárað sumarið 2021. Settir voru niður 11 upphafs- og lokastaurar, hannaðar merkingar á staurana með aðstoð Safe travel, settar voru niður stikur í leiðir og listaðir upp gps-punktar af hættulegum stöðum sem þarfnast merkinga. Smíðuð voru fjögur upplýsingaskilti, eitt er búið að setja niður uppi á heiði, annað er við Grænagarð. Heiða Jónsdóttir, Kristján Jónsson og Sigurður A. Jónsson sáu alfarið um þessa vinnu í sumar og vil ég þakka þeim kærlega fyrir samstarfið.

Mikil uppbygging var á svæðinu síðasta sumar. Var tekin ákvörðun að færa uppbygginguna neðar enda eru mikil tækifæri í stígagerð nær byggð. Leiðirnar sem urðu til í sumar eru Ungdúró, Heimreiðin, Harris og Biden.

Fyrir hönd stjórnar hrd. Vestra

Heiða Jónsdóttir, formaður

# Ársskýrsla Hestamannafélagsins Hendingar 2019

Stjórn Hendingar árið 2019 var skipuð þeim Marinó Kr. Hákonarsyni, formanni, Jóhönnu Ásu Einarsdóttur, gjaldkera, Þuríður K. Þorsteinsdóttur, ritara, Ólöfu Einarsdóttur, varaformanni og Fanneyju Rósu Jónsdóttur meðstjórnenda. Stjórnin hélt fimm stjórnarfundi, auk þess sem ýmis störf sem rædd voru á fundunum voru kláruð í netsamskiptum.

Elfar Reynisson var fulltrúi Hendingar í reiðveganefnd á Vesturlandi og Ólöf Einarsdóttir var æskulýðsfulltrúi.
Reiðnámskeið var haldið á vormánuðum, kennarar voru Jósep Magnússon og Katrín Grétarsdóttir. Alls sóttu 25 manns námskeiðið og voru allir mjög ánægðir. Stefnt var á að halda járninganámskeið á haustmánuðum en það gekk ekki eftir þar sem að ekki fékkst kennari.

Uppbyggingarsamningur var gerður við Ísafjarðarbæ, en hann hefur ekki verið uppfylltur af hálfu bæjarins þar sem að þeir hafa ekki greitt fjárframlag sitt. Á borðinu er uppbyggingarsamningur fyrir árið 2020 en hann hefur ekki verið undirritaður, þar sem að hann er ekki boðlegur Hendingu og þykir okkur furðulegt að þegar samningur er skrifaður þá sé einungis annar aðilinn sem gerir samninginn og ætlast síðan til að hinn skrifi undir.
Stjórn sótti um styrk í Fræðslusjóð UMFÍ en fékk ekki. Einnig var sótt um ferðastyrk til að greiða niður kostnað vegna þátttöku á Landsmóti LH sem halda átti á Hellu sumarið 2020. Fékkst sá styrkur ekki heldur.

Þar sem að ekki hefur verið aðstaða hjá félaginu til að halda mót á sínum vegum þá hefur verið lítið um mótahald. Sjáum við ekki fram á að geta haldið fullgilt mót á komandi ári. En það er eitthvað hægt að gera okkur til skemmtunar í reiðskemmunni þó svo að hún sé ekki fullkláruð.

Framkvæmdir eru enn í gangi í reiðskemmunni. Þó hefur minna orðið úr verki en áætlað var síðasta hálfa árið, það stendur þó til bóta og er búið að gera verkáætlun fyrir komandi haust. Einnig hefur fjárhagsáætlun aðeins farið fram úr áætlun en ekki það mikið að dæmið gangi ekki upp.

Nú þegar hafa komið fyrirspurnir um afnot af skemmunni en eldri menn sem vilja spila fótbolta hafa falast eftir afnotum á henni,

en urðu að hætta við vegna Covid. Einnig hafa félagsmenn verið duglegir að nýta sér aðstöðuna sem komin er og þá sérstaklega á meðan að veðrið var sem verst í vetur. Gjaldi er stillt í hóf og er það miðað við árið og að hvert gjald gildi fyrir tvo í hverri fjölskyldu.
Til að geta fjölgað hestamönnum á svæðinu þarf félagið að fara að huga að því að eignast hesthús sem fólk getur fengið leigt til einhvers tíma, á meðan að það er koma sér upp aðstöðu og athuga hvort að sportið sé eitthvað sem það hefur hug á að stunda til langs tíma.

Félagsmenn hafa verið duglegir að taka þátt í þeim viðburðum sem haldnir eru á svæðinu fyrir hestamenn. Eru þetta karlareið, kvennareið og mót á Söndum í Dýrafirði. Eru félagsmenn hvattir til að halda því áfram þar sem að maður er manns gaman.
Nú stendur til að félagssvæði hestamanna í Bolungarvík á að færast og vonumst við til að það muni nýtast þeim eins vel og kostur er. Einnig lýsum við yfir ánægju okkar með þetta þar sem að núverandi svæði er á snjóflóðasvæði.

Fyrir hönd stjórnar
Marinó Kristinn Hákonarson

## Skíðafélag Ísfirðinga.

**Í stjórn eru:**

| | |
|---|---|
| Díana Jóhannsdóttir | Formaður |
| Sigríður Laufey Sigurðardóttir | Gjaldkeri |
| Sif Huld Albertsdóttir | Meðstjórnandi |
| Halldór Karl Valsson | Meðstjórnandi |
| Helgi Karl Guðmundsson Schmidhuber | Meðstjórnandi |

Vegna Covid hefur aðalfundur Skíðafélagsins enn ekki verið haldinn og starfar stjórn því áfram. Unnið er að undirbúningi aðalfundar í lok maí.

**Fundir**

Mjög sjaldan var fundað vegna samkomutakmarkana en flestar ákvarðanir voru afgreiddar á facebook-síðu stjórnar.

**Þjálfarar SFÍ:**

Skíðaganga

Jakob Danielsson og Kolfinna Rúnarsdóttir voru yfirþjálfarar skíðagöngu og sinntu þau elsta hópnum 13 ára og eldri. Linda Rós Hannesdóttir þjálfaði 10-12 ára.

Jóna Lind Kristjansdóttir var yfirþjálfari HSV en henni til aðstoðar var Edda Lind Guðmundsdóttir.

Æfingar fyrir 12 ára og eldri voru í gangi allt árið, yfir sumartímann voru hlaup, hjólaskíði og styrktarþjálfun.

*Alpagreinar*

Freyr Björnsson var yfirþjálfari alpagreina en honum til stuðnings voru þrír þjálfarar, þær Birna Jónasdóttir, Hrefna Ásgeirsdóttir, EMMA, Hanna Þórey. Skiptu þau milli sín æfinga fyrri hluta vetrar en seinni hluta vetrar bættist Rannveig Hjaltadóttir í hópinn og tók yfir þjálfun elsta hóps.

Æfingar hófust seint í alpagreinum enda snjóalög mjög léleg.

*Bretti*

Það voru þeir Davíð Þór Guðlaugsson og Bergsteinn Snær Bjarkason Otti Freysteinsson sem skiptu með sér æfingum brettadeildar með stuðningi frá Otta Freysteinssyni, Elínu Hólm og Helga Karli.

**Snjóalög**

Snjóalög voru ágæt þótt snjórinn hafi horfið óvenju snemma í ár. Það sem setti meiri svip á æfingar SFÍ voru bilanir á lyftum og mikið lagt á þjálfara og börn til að halda æfingum áfram við mjög erfiðar aðstæður.

**Mótamál:**

Mikill fjöldi móta var aflýst vegna samkomutakmarkana þannig var Jónsmóti, Andrésar Andar leikunum og síðustu UMÍ mótunum aflýst vegna samkomutakmarkana. Þó tókst þó að halda þrjú bikarmót og SMÍ og tóku nokkrir skíðagöngu iðkendur þátt í því og stóðu sig með sóma.

**Skíðavika**

Skíðavíkunni 2021 var aflýst líkt og árið áður vegna covid.

**Fjármál og fjárfestingar:**

Framkvæmdir vegna uppbyggingasamninga fór mjög seint af stað vegna hægrar afgreiðslu samninganna frá Ísafjarðarbæ. Það tókst þó að ljúka verkþáttunum fyrir áramót.
Farið var í jarðvegsvinnu í Tungudal og settar upp snjógirðingar á Seljalandsdal.

**Afreksfólk:**

Albert Jónsson er í A-liði landsliðs SKÍ.

Dagur Benediktsson er í B-liði landsliðsins SKÍ.

Bæði Albert og Dagur fengu afreksstyrk frá HSV.

Þetta afreksfólk hefur staðið sig með sóma bæði og eru góðar fyrirmyndir fyrir aðra iðkendur, sérstaklega núna á þessum erfiðu tímum.

Ísafjörður, 10/05/2021
Díana Jóhannsdóttir

# Íþróttafélagið Ívar

Starfsemi Ívars var mjög óhefðbundið á árinu 2020 vegna Covid.

Við hófum æfingar á nýju ári eins og venjulega en óvenju margar boccia/badminton æfingar voru felldar niður í janúar vegna veðurs.

Aðalfundur félagsins var haldinn 4. mars.  Úr stjórn gengu Elín Jónsdóttir og Sigríður Hreinsdóttir og í þeirra stað komu inn í stjórn Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir og Grazyna Wielgosh.

Voru Elínu og Sigríði þakkað vel unnin störf.

Frá miðjum mars voru allar æfingar og mót síðan felld niður vegna Covid og voru ekki fleiri æfingar á þessari vorönn.

Til að koma aðeins saman og hafa gaman hélt félagið vetrarlok miðvikudaginn 3. júní. Við borðuðum saman góðan mat á Hótel Ísafirði og veittum viðurkenningu fyrir góðan árangur á Íslandsmótinu sem var haldið hér á Ísafirði haustið 2019 og fékk Patrycja bikarinn að þessu sinni.  Hún komst í úrslit í 5. deild og endaði í 2. sæti.

Æfingar í öllum greinum hófust aftur eftir sumarfrí seinni partinn í september. Þá vorum við með takmarkanir á boccia æfingum þannig að einungis fékk helmingur iðkenda að mæta á hvora æfingu.

Gleðin stóð stutt og voru æfingar felldar niður í lok október og engar æfingar voru það sem eftir var árs 2020.

Engar skipulagðar fjáraflanir voru þetta árið, en eins og áður höfum við fengið dósir af Júlíusi Geirmundssyni, Páli Pálssyni ÍS og Ásdísi ÍS ásamt því að fá flöskur og dósir frá vel viljuðum einstaklingum.

Við eigum nokkrar pakkningar af jólakortum sem seldist aðeins af fyrir jólin  og töluvert af fjölnota kaffimálum sem við höfum verið að selja á vefnum.

# Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar

Árið 2020

félagsmenn Skotís voru samkvæmt félagatali 143 og einnig bættust við píludeild við félagið

Virkir iðkendur voru um 50 á árinu og þar hefur bæst við kvennalið í skotfimi ,nokkrir i bogfimi og píludeildin .

Aðalfundur félagsins var haldin þann 3.5. 2020 og kosin var eftirfarandi stjórn

Form Valur Richter

Vara f. Leifur Bremnes

Ritari Kristjan Sigurðsson

Gjaldk. Rafn Pálsson

meðstj. Elin Dífa Ólafsdóttir

mótanefnd

Ívar Már Valsson

Leifur Bremnes

Kristjan Sigurðsson

Starfsemi félagsins var með með frekar litlu móti þetta ár þar sem covid 19 stöðvaði flest öll mót og einnig kom í veg fyrir að við gætum fengið þjálfara þetta árið .

Þó náðist að halda mót í riffli þar sem einn af félögum Skotís náði meistaraflokki en það eru einungis 6 manns á Íslandi með þann árangur það sínir að góð aðstaða skiptir íþróttafélögin öllu máli .

Bogfimideildin náði ekki að halda mót en formaður bogfimideildar Kristjan Sigurðsson náði að fara á mót .

Það liggur fyrir að félagið hefur orðið af miklum tekjum þetta árið og æfingar hafa að mestu leigið niðri einnig opnir timar sem við hofum haft fyrir almenning til að koma og prófa . Það á því miður eftir að hafa afleiðingar fyrir okkur næstu ár en það er ekkert annað í boði en að halda áfram og byggja upp félagið .

Stofnuð var píludeild Skotís og erum við vissir um að það eigi eftir að dafna mjög vel á næstu árum.

# Héraðssamband Vestfirðinga

Ársreikningur 2020

Héraðssamband Vestfirðinga
400 Ísafjörður

kt. 490500-3160

# Undirritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga staðfesta hér með ársreikning 2020 með undirritun sinni.

Ísafirði,

**Í stjórn**

Margrét Arnardóttir

Ásgerður Þorleifsdóttir

Baldur F. Jónsson

Hildur Elísabet Pétursdóttir

Heiðar G. Hafsteinsson

**Framkvæmdastjóri**

Bjarki Stefánsson

# Áritun kjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar Héraðssambands Vestfirðinga.

Við höfum skoðað ársreikning Héraðssambands Vestfirðinga vegna ársins 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma undirritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningurinn er í samræmi við settar reikningsskilareglur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ísafirði, 19. maí 2021

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög og styrkir | (1) | 33.465.298 | 29.458.532 |
| Aðrar tekjur | (2) | 700.890 | 785.258 |
| Framlag Ísafj.bæjar til Afreksmannasjóðs HSV | | 0 | 1.548.767 |
| Framlag í Styrktarsjóð 3X | | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Styrkir og þátttökugj. landsmóts UMFÍ 50+ | | 274.710 | 0 |
| Framl. Ísafj.bæjar til verkefnasamnings | | 8.215.695 | 8.001.962 |
| Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs | | (1.799.157) | 71.887 |
| Framl. Ísafj.bæjar til þjálfarastyrkjasjóðs | | 750.953 | 774.383 |
| Íþróttaskóli, framlög, þátttökugjöld og styrkir | (3) | 13.461.132 | 13.559.582 |
| | | 56.569.521 | 55.700.371 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og tengd gjöld | (4) | 19.090.832 | 18.066.103 |
| Framlög til aðildarfélaga | (5) | 13.075.313 | 10.669.449 |
| Framlög vegna verkefnasamnings | | 6.416.538 | 8.073.849 |
| Framlög úr Afreksmannasjóði HSV | | 2.920.000 | 3.477.000 |
| Framlög úr Styrktarsjóði 3X | | 1.500.000 | 1.200.000 |
| Framlög úr þjálfarastyrkjasjóði | | 667.872 | 0 |
| Íþróttaskóli, þjálfarakostnaður o.fl. | (6) | 4.216.910 | 3.013.810 |
| Annar íþróttakostnaður | (7) | 803.275 | 789.352 |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | (8) | 2.107.904 | 2.634.499 |
| Íbúðaafnot aðildarfélaga | (9) | 7.557.876 | 7.908.878 |
| | | 58.356.520 | 55.832.940 |
| Tekjur umfram gjöld fyrir fjárm.liði | | (1.786.999) | (132.569) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 82.514 | 308.473 |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | | (46.656) | (117.897) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | | 35.858 | 190.576 |
| **(Gjöld umfram tekjur)/Tekjur umfram gjöld** | | (1.751.141) | 58.007 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | | | |
| Innréttingar og skrifstofubúnaður | | 408.823 | 408.823 |
| | | 408.823 | 408.823 |
| **Fastafjármunir** | | 408.823 | 408.823 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| **Skammtímakröfur** | | | |
| Viðskiptakröfur | (10) | 12.327.451 | 4.149.700 |
| | | 12.327.451 | 4.149.700 |
| **Handbært fé** | | | |
| Innstæður á bankareikningum | | 14.035.923 | 14.028.233 |
| Innstæða á bankareikningi Afreksmannasjóðs | | 6.197.109 | 9.073.943 |
| | | 20.233.032 | 23.102.176 |
| **Veltufjármunir** | | 32.560.483 | 27.251.876 |
| **Eignir** | | 32.969.306 | 27.660.699 |

# 31. desember 2020

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé HSV: | | | |
| Óráðstafað eigið fé HSV 01.01 | | 5.906.300 | 4.974.058 |
| Afkoma ársins af rekstri HSV | | (10.436) | 932.242 |
| | | 5.895.864 | 5.906.300 |
| Eigið fé Afreksmannasjóðs: | | | |
| Óráðstafað eigið fé Afreksmannasjóðs 01.01. | | 9.510.257 | 10.384.492 |
| (Gjöld Afreksmannasjóðs umfram tekjur)/Tekjur umfram gjöld | | (1.740.705) | (874.235) |
| | | 7.769.552 | 9.510.257 |
| **Eigið fé alls** | | 13.665.416 | 15.416.557 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddur kostnaður | | 586.126 | 907.552 |
| Skuldir við aðildarfélög | (10) | 13.851.398 | 8.518.113 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 675.671 | 428.205 |
| Ónotaður styrkur frá Styrktarsjóði 3X | | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Ónotað framlag Verkefnasamnings | | 2.690.695 | 890.272 |
| | | 19.303.890 | 12.244.142 |
| **Skuldir** | | 19.303.890 | 12.244.142 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 32.969.306 | 27.660.699 |

# Sundurliðanir

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **1. Framlög og styrkir** | | |
| Framlag frá Ísafjarðarbæ, rekstrarframlag | 13.016.518 | 11.357.623 |
| Framlag frá Ísafjarðarbæ vegna íbúða | 7.557.876 | 7.908.878 |
| Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói ÍSÍ | 4.155.407 | 3.333.428 |
| Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói UMFÍ | 7.205.884 | 5.449.716 |
| Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í getraunum | 435.917 | 264.619 |
| Útbreiðslustyrkur Í.S.Í. | 590.296 | 483.068 |
| Skattar aðildarfélaga | 503.400 | 661.200 |
| | 33.465.298 | 29.458.532 |
| 10% lottótekna renna til Afreksmannasjóðs | 1.136.129 | 878.314 |
| Reiknað framl. Ísafj.bæjar sem afnot af íþróttamannv. | 44.896.856 | 63.540.587 |
| **2. Aðrar tekjur** | | |
| Styrktaræfingar og afreksform | 700.890 | 585.258 |
| Ýmsir styrkir | 0 | 200.000 |
| | 700.890 | 785.258 |
| **3. Íþróttaskóli, framlög, þátttökugjöld og styrkir** | | |
| Framlag frá Ísafjarðarbæ | 10.513.342 | 10.325.112 |
| Þátttökugjöld | 2.597.790 | 3.234.470 |
| Styrkir | 350.000 | 0 |
| | 13.461.132 | 13.559.582 |
| **4. Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 15.794.166 | 14.774.744 |
| Launatengd gjöld | 3.296.666 | 3.291.359 |
| | 19.090.832 | 18.066.103 |
| **5. Framlög til aðildarfélaga** | | |
| Golfklúbbur Ísafjarðar | 653.580 | 378.196 |
| Grettir | 375.216 | 216.973 |
| Hestamannafélagið Hending | 270.249 | 175.878 |
| Hestamannafélagið Stormur | 501.093 | 304.995 |
| Höfrungur | 307.814 | 313.922 |
| Íþróttafélagið Ívar | 137.060 | 91.401 |
| Íþróttafélagið Vestri | 5.204.726 | 4.251.031 |
| Kubbi, íþróttafélag eldri borgara | 232.910 | 158.625 |
| Ksf. Hörður | 3.108.270 | 2.079.146 |
| Skíðafélag Ísafjarðar | 908.598 | 785.359 |
| Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar | 721.839 | 972.304 |
| Stefnir | 653.958 | 519.308 |
| Sæfari | | 193.041 |
| Tennis - og badmintonfélag Ísafjarðar | | 30.774 |
| Ungmennafélagið Geisli | | 198.496 |
| | 13.075.313 | 10.669.449 |

# Sundurliðanir

### 6. Íþróttaskóli, laun og þjálfarakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Þjálfarakostnaður | 4.111.700 | 2.661.170 |
| Lokahóf o.fl. | 5.131 | 67.749 |
| Búnaður og búningar | 100.079 | 284.891 |
| | 4.216.910 | 3.013.810 |

### 7. Annar íþróttakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Námskeið | 65.000 | 112.000 |
| Styrktaræfingar barna og unglinga | 738.275 | 677.352 |
| | 803.275 | 789.352 |

### 8. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Ritföng , pappír, prentun, skrifstofuáhöld | 37.028 | 150.703 |
| Sími | 245.487 | 235.645 |
| Kerfisleiga | 154.341 | 168.372 |
| Rekstur upplýsingakerfis og heimasíða | 142.080 | 132.070 |
| Ferða- og viðskiptakostnaður | (62.895) | 255.750 |
| Þinghald og fundakostnaður | 51.174 | 307.730 |
| Bókhald og reikningsskil | 570.231 | 637.516 |
| Húsaleiga og annar húsnæðiskostnaður | 878.388 | 686.621 |
| Annar kostnaður | 73.594 | 0 |
| Aðkeyptur fyrirlesari fyrir iðkendur | 18.476 | 60.092 |
| | 2.107.904 | 2.634.499 |

### 9. Kostnaður við íbúðir greiddur af aðildarfélögum

| | | |
|---|---|---|
| Andvirði framlags Ísafjarðarbæjar vegna íbúða | 7.557.876 | 7.908.878 |
| | | |
| Útlagður kostn. við íbúðir endurgr. af aðildarfél. (til upplýsingar.): .... | | |
| Greitt af Ksf. Herði | 919.824 | 741.332 |
| Greitt af Skíðafélagi Ísafjarðar | 72.886 | 733.233 |
| Greitt af Íþróttafélaginu Vestra | 8.294.194 | 4.993.989 |
| | 9.286.904 | 6.468.554 |

# Sundurliðanir

## 10. Viðskiptamenn

| | | |
|---|---|---|
| Ísafjarðarbær | 2.645.462 | 2.473.722 |
| Íþrótta- og ólympíusamband Íslands | 424.567 | 323.727 |
| Golfklúbburinn Gláma | (2.990) | (2.990) |
| Golfklúbbur Ísafjarðar | (612.217) | (357.346) |
| Íþróttafélagið Grettir | (727.708) | (545.305) |
| Hestamannafélagið Hending | (240.613) | (163.989) |
| Hestamannafélagið Stormur | (746.863) | (586.669) |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 266.000 | 0 |
| Íþróttafélagið Höfrungur | (962.623) | (1.015.369) |
| Íþróttafélagið Ívar | (133.110) | (88.963) |
| Íþróttafélagið Vestri | 4.442.736 | 955.973 |
| Kraftlyftingarfélagið Víkingur | (2.990) | (2.990) |
| Ksf. Hörður | (2.124.366) | (2.006.531) |
| Kubbi, íþróttafélag eldri borgara | (368.979) | (320.762) |
| Skíðafélag Ísafjarðar | (654.280) | (6.097) |
| Skotíþróttafélag Ísafjarðar | (1.462.641) | (1.427.450) |
| Íþróttafélagið Stefnir | (1.123.194) | (1.156.286) |
| Sæfari | (157.890) | (157.890) |
| Tennis - og badmintonfélag Ísafjarðar | (143.377) | (143.377) |
| Ungmennafélagið Geisli | (536.099) | (536.099) |
| Ungmennafélag Íslands UMFÍ | 697.228 | 396.278 |
| | (1.523.947) | (4.368.413) |

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir | (13.851.398) | (8.518.113) |
| Inneignir | 12.327.451 | 4.149.700 |
| | (1.523.947) | (4.368.413) |

# Rekstrarreikningur ársins 2020 — Rekstrarskipting

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2020 Samtals | HSV | Afreksmanna-sjóður | Styrktar-sjóður 3X | Íþrótta-skóli |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlög og styrkir | (1) | 33.465.298 | 32.329.169 | 1.136.129 | | |
| Aðrar tekjur og framlög | (2) | 700.890 | 700.890 | | | |
| Framlög í Styrktarstjóð 3X | | 1.500.000 | 0 | | 1.500.000 | |
| Framl. Ísafj.bæjar til verkefnasamnings | | 8.215.695 | 8.215.695 | | | |
| Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs um áramót | | (1.799.157) | (1.799.157) | | | |
| Þáttökugjöld vegna 50+ | | 274.710 | 274.710 | | | |
| Framl. Ísafj.bæjar til þjálfarastyrkjasjóðs | | 750.953 | 750.953 | | | |
| Íþróttaskóli, þátttökugjöld og styrkir | (3) | 13.461.132 | 0 | | | 13.461.132 |
| | | 56.569.521 | 40.472.260 | 1.136.129 | 1.500.000 | 13.461.132 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og tengd gjöld | (4) | 19.090.832 | 10.228.717 | | | 8.862.115 |
| Framlög til aðildarfélaga | (5) | 13.075.313 | 13.075.313 | | | |
| Framlög vegna verkefnasamnings | | 6.416.538 | 6.416.538 | | | |
| Framlög og þjálfunarkostnaður úr Afreksmannasjóði HSV | | 2.920.000 | 0 | 2.920.000 | | |
| Framlög úr Styrktarsjóði 3X | | 1.500.000 | 0 | | 1.500.000 | |
| Framlög úr þjálfarastyrkjasjóði | | 667.872 | 667.872 | | | |
| Íþróttaskóli, laun, þjálfarakostnaður o.fl. | (6) | 4.216.910 | 0 | | | 4.216.910 |
| Annar íþróttakostnaður | (7) | 803.275 | 803.275 | | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | (8) | 2.107.904 | 1.057.330 | | | 1.050.575 |
| Íbúðaafnot aðildarfélaga | (9) | 7.557.876 | 7.557.876 | | | |
| | | 58.356.520 | 39.806.921 | 2.920.000 | 1.500.000 | 14.129.600 |
| Rekstrarútkoma fyrir fjármagnsliði | | (1.786.999) | 665.339 | (1.783.871) | 0 | (668.468) |
| **Fjármagnsliðir** | | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 82.514 | 23.050 | 55.341 | 4.123 | |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | | (46.656) | (33.574) | (12.175) | (907) | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | | 35.858 | (10.524) | 43.166 | 3.216 | 0 |
| **Tekjur umfram gjöld/(Gjöld umfram tekjur)** | | (1.751.141) | 654.815 | (1.740.705) | 3.216 | (668.468) |